

Smáskífumaður með góðan smekk

BIRGIR ÍSLEIFUR GUNNARSSON
FER FYRIR HLJÓMSVEITINNI
MOTION BOYS



KR bikarmeistari 2008
Pétur Hafliði Marteinsson endaði ferilinn með bikarmeistaratitli hjá Vesturbæjarliðinu eftir sigur gegn Fjölni í gær.



FRÉTTABLAÐIÐ

5. október 2008 — 272. tölublað — 8. árgangur **MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI** Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR




HAFDI BETUR Í BARÁTTUNNI

Vigdís ræðir glímuna við krabbamein, batann og mikilvægi samstöðu gegn sjúkdómnum **VIÐTAL 10**




FYLGIR Í DAG

VEÐRIÐ Í DAG



BJART EYSTRÁ Í dag verður suðaustan strekkingur sunnan til og vestan annars hægari. Rigning eða skúrir á vesturhluta landsins en yfirleitt bjart austast. Hiti 2-9 stig, mildast suðvestan til. **VEÐUR 4**



Category	Percentage
Morgunblaðið	33,47%
24 stundir	49,65%
Fréttablaðið	72,34%

Fréttablaðið er með 46% meiri lestur en 24 stundir og 116% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...  ...alla daga

Meðallestur á tölublað m.v. höfuðborgarsvæðið 18-49 ára. Könnun Capacent í maí-júlí 2008.



Á **MILLI FUNDHRINA** Unnið var að lausnum á efnahagsvandinum í allan gærðag. Fjöldi funda var í Ráðherrabústaðnum þar sem Geir H. Haarde og þrír aðrir ráðherrar tóku á móti fulltrúum atvinnulífsins, banka, stéttarfélag og lífeyrissjóða. Búist er við tilkynningu fyrir opnun markaða á morgun. **FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN**

Svör fyrir opnun markaða

Lífeyrissjóðir bjóðast til að flytja hluta erlendra eigna sinna heim svo fremi að fjármálastofnanir geri það líka. Forstjóri Kaupþings segir bankann tilbúinn að leggja sitt af mörkum. Rætt um að frysta launakröfur.

EFNAHAGSMÁL Lífeyrissjóðirnir buðust í gær til þess að færa hluta eigna sinna til landsins, að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Meðal þeirra eru að bankar, fjármálastofnanir og fjárfestingarfélag geri slíkt hið sama. Þá er þess krafist að skýrt verði í hvað fjármunir lífeyrissjóðanna fari og að þeir nýtist ríkissjóði beint. „Að þessum björgunarleiðangri verða allir að koma: stjórnvöld, Seðlabankinn, viðskiptabankarnir,

fjárfestingarfélag og aðilar vinnu-markaðarins. Öðruvísi er þetta ekki framkvæmanlegt,“ segir Arnar Sigmundsson, formaður stjórns Landssamtaka lífeyrissjóða. Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, vildi ekki tjá sig beint um kröfu lífeyrissjóðanna. Hann sagði þó að allir yrðu að leggjast á eitt. „Ég held að þetta leysist ekki nema allir aðilar komi að borðinu. Við erum reiðubúnir

að leggja okkar af mörkum,“ segir Hreiðar. Geir H. Haarde forsætisráðherra vildi lítið tjá sig um hvaða tillögur væru uppi á borðinu. Hann sagðist vænta yfirlýsingar fyrir opnun markaða á morgun. „Mér finnst stemningin vera þannig að aðilar vinnumarkaðarins og lífeyrissjóðirnir vilji koma að þessu af fyllstu ábyrgð,“ sagði Geir. Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, segir niðurstöðu verða að

fást í dag og kallar eftir eignasölu. „Mín skoðun er að bönkum og fjármálastofnunum beri að huga að eignasölu til að hjálpa til við að leysa okkur niður úr þeirri snöru sem við óumdeilanlega höngum í sem þjóð.“ Eiríkur Jónsson, formaður Kennarasambandsins, segist vænta þess að launþegasamtök slái af kröfum sínum. Nú sé ekki tími til að heimta prósentuhækkunar launa. **- kóp / sjá síður 2 og 4.**

Risavaxin víkingamynd sem tekin verður á Íslandi er í burðarliðnum:

Sjö milljarða mynd Baltasars

MENNING „Þetta er langstærsta verkefni sem ég hef komið nálægt. Það er verið að tala um 40 til 60 milljóna dollara mynd. Risadæmi,“ segir Baltasar Kormákur. Búið er að ganga frá því að framleidd verði Hollywood-mynd sem tekin verður að mestu leyti á Íslandi. Baltasar leikstýrir myndinni sem verður gerð eftir handriti hans og Ólafs Egilssonar. Myndin byggir á minnum úr Íslendinga-

sögum og hefur verið kynnt sem „spaghetti-western-viking-movie“. Tökutími er sex mánuðir en sagan gerist að vetrarlagi, vori og sumri. Framleiðendur eru þeir hinir sömu



BALTASAR KORMÁKUR

og gerðu mynd Baltasars Run For Her Life – sem nú heitir Inhale – auk þess sem stærri framleiðendur munu koma að myndinni. Vinnutitill hennar er Saga. Myndin kallar á mikinn mannafla og er gríðleg innspýting í kvikmyndageirann hér á landi sem og í efnahagslífi í heild: Sextíu milljónir dollara leggja sig á 6,6 milljarða í íslenskum krónum miðað við gengi föstudags. **- jbg / sjá síðu 26**

OPIÐ 11-20 ALLA DAGA



OPIÐ

til **20** alla daga

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

SPURNING DAGSINS



Bubbi, ert þú orðinn ríkis-bubbi?

„Nei, og ég er heldur ekki Bubbi kóngur.“

Bubbi Morthens hefur verið ótull í réttindabaráttu þeirra sem minna mega sín nú og í gegnum tíðina. Það þótti þó sæta tíðindum þegar Bubbi seldi Sjóvá allar tekjur sínar af lagasmíðum sínum. Síðar eignaðist Glitnir réttinn af tekjunum en nú er rétturinn í eigu ríkisins.

Kennarasamband Íslands:
Vill leggja deil-ur til hliðar

EFNAHAGSMÁL „Nú er ekki tími til að berja sér á brjóst og heimta ákveðnar prósentuhækkanir á launum. Heldur ætti fólk að standa saman, leggja til hliðar deilur og vinna að sameiginlegri lausn á þeim vanda sem að okkur steðjar,“ segir Eiríkur Jónsson, formaður Kennarasambandsins og stjórnarmaður Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Eiríkur fór, ásamt forystumönnum fleiri lífeyrissjóða og verkalýðsfélaga, til fundar við ríkisstjórnina í ráðherrabústaðnum í gær.



KLÁRIR Í SLAGINN Hreiðar Már og Sigurður Einarsson funduðu með ráðherrum í gær.

Forstjóri Kaupþings banka:
Leggjum okkar af mörkum

EFNAHAGSMÁL „Ég held að vandinn leysist ekki nema allir komi að borðinu,“ segir Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings. Hann vill ekki tjá sig beint um kröfu lífeyrissjóðanna um að fjármálastofnanir verði að flytja hluta eigna sinna til landsins, eigi lífeyrissjóðirnir að gera það. „Ég hef ekki séð þessa kröfu. Við í Kaupþingi erum hins vegar tilbúnir til að leggja okkar af mörkum.“

Fulltrúar bankanna sátu fundi í viðskiptaráðuneytinu í gær. Ekki er vítað hvað fram fór á þeim fundum.

2

FRÉTTABLAÐIÐ

5. október 2008 SUNNUDAGUR

Ríkið vinnur gegn eigin heilbrigðismarkmiðum með sölu tóbaks á lægra verði:

Vill tóbakið úr fríhöfnunum

ALPINGI Ásta Möller, þingmaður Sjálfstæðisflokks og formaður heilbrigðisnefndar, vill að sölu tóbaks í fríhöfnum verði hætt. „Við vinnum gegn heilbrigðismarkmiðum með því að selja tóbak á lægra verði í fríhöfnum heldur en í verslunum,“ segir Ásta.

Hún hefur lagt fram tvær fyrirspurnir um málið til fjármálaráðherra. Í annarri vill hún svör við hversu mikið af tóbaki er flutt tollfrjálst til landsins, samanburð á verði í fríhöfnum og í almennum verslunum og hvaða rök liggi að baki tóbakssölu í fríhafnarverslunum. Í hinni spyr hún einfaldlega hvort fjármálaráðherra telji koma

til greina að hætta sölu tóbaks í fríhafnarverslunum.

Afstaða hennar sjálfrar er ljós. „Tóbaksnotkun hefur gífurleg áhrif á heilsu og sala þess vinnur á móti heilbrigðismarkmiðum. Ein leið til að minnka reykingar er að selja tóbakið háu verði og það skýtur því skökku við að ríkið selji það á lægra verði í fríhöfninni.“

Ásta bendir á nýlega samþykkt Læknafélagsins um að tóbak verði aðeins selt gegn lyfsseldi eftir tíu ár og segir að jákvæð áhrif reykingabanns á veitingastöðum hafi þegar komið fram í færri tilfellum hjartaáfalla.

- bps



FRÍHÖFNIN Ásta Möller telur að ein leið til að draga úr reykingum sé að selja tóbakið háu verði.

Skilyrði að bankar færi líka eignir heim

Lífeyrissjóðirnir setja það skilyrði fyrir því að flytja hluta eigna sinna til landsins að fjármálastofnanir geri slíkt hið sama. Gjaldeyrisforði þjóðarbúsins og gengi krónunnar myndu styrkjast. Þess krafist að peningarnir verði tryggðir.

EFNAHAGSMÁL „Að þessum björgunarleiðangri verða allir að koma; stjórnvöld, Seðlabankinn, viðskiptabankarnir, fjárfestingarfélag og aðilar vinnumarkaðarins. Öðruvísi er þetta ekki framkvæmanlegt,“ sagði Arnar Sigurmundsson, formaður stjórnar Landssamtaka lífeyrissjóða, eftir fund með fjórum ráðherrum í Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu á sjöunda tímanum í gærkvöld. Á þeim fundi svöruðu lífeyrissjóðirnir erindi stjórnvalda um að þeir selji hluta eigna sinna í útlöndum og flytji heim. Við það styrkist gjaldeyrisforði þjóðarbúsins og gengi krónunnar þar með.

Af 1.800 milljarða heildareignum lífeyrissjóðanna eru 500 milljarðar ávaxtaðir í útlöndum. Hluti þeirrar fjárhæðar er bundinn til lengri tíma en annað ekki. „Það er ekki verið að tala um nálægt því allar þessar eignir en stóran hluta,“ segir Arnar sem vill að öðru leyti ekki upplýsa um hve háar fjárhæðir er ræða.

Ekki er ljóst hve langan tíma tekur að losa um eignir í útlöndum, né hvort, og þá hvaða, laga-breytinga er þörf.

Landssamtök lífeyrissjóða hófu þegar á þriðjudag athugun á möguleika þess að færa hluta eigna sinna heim. Eftir að formlegt erindi stjórnvalda þar um





VIÐ RÁÐHERRABÚSTAÐINN Fulltrúar lífeyrissjóðanna gengu á fund ráðherra í gær og kynntu þeim hugmyndir sínar. Arnar er lengst til vinstri.

ÖGMUNDUR JÓNASSON FORMAÐUR BSRB

Það verður að vera rækilega skilgreint í hvað þeir peningar yrðu notaðir þannig að þeir verði fullkomlega tryggðir.

ÖGMUNDUR JÓNASSON FORMAÐUR BSRB

hafði komið fram var í gær haldinn fundur fulltrúa nánast allra lífeyrissjóða landsins, 30 að tölu, og afstaða mótuð.

„Það er grundvallaratriði að fjármálastofnanir og bankar flytji hluta eigna sinna heim að því marki sem mögulegt er. Annað er fráleitt,“ sagði Ögmundur Jónasson, formaður BSRB og varaformaður stærstallífeyrissjóðsins;

Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Ögmundur segir niðurstöðu verða að fást í dag og kallar eftir eignasölu. „Mín skoðun er að bönkum og fjármálastofnunum beri að huga að eignasölu til að hjálpa til við að leysa okkur niður úr þeirri snöru sem þjóðin hangir í núna.“

Ögmundur segir það kröfu lífeyrissjóðanna að það fjármagn sem þeir færi til landsins, ef til þess kemur, muni gagnast ríkissjóði beint. „Við erum ekki að setja lífeyrissjóðspeninga á almennt spil. Það verður að vera rækilega skilgreint í hvað þeir peningar yrðu notaðir þannig að þeir verði fullkomlega tryggðir.“

bjorn@frettabladid.is
kolbeinn@frettabladid.is

Skora á yfirvöld að laga kjör:

Öryrkjar vilja hærri bætur

EFNAHAGSMÁL Slæmt efnahags-ástand hefur alvarlegar fjárhagslegar afleiðingar fyrir fjölda öryrkja, sjúklinga og ellilífeyrisþega, segir í ályktun aðalfundar Öryrkjabandalags Íslands, sem skorar á stjórnvöld að hækka bætur almannatrygginga „til að fólk geti lifað mannsæmandi lífi“.

ÖBÍ telur nýtt örorkumatskerfi sem stefnt er á að taka upp um áramótin óraunhæft og hvetur til endurskoðunar þess. Þá þurfi að koma til móts við þá öryrkja og ellilífeyrisþega sem minnsta framfærslu hafa við breytingar á greiðsluþátttöku almennings í heilbrigðiskerfinu.

- sh



ÚTILOKA EKKERT Stefán og Guðlaug Kristjánsdóttir, formaður BHM, við Ráðherrabústaðinn í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN

Fús til að ræða hvað sem er:
BHM tilbúið að ræða evrumál

EFNAHAGSMÁL Stefán Aðalsteins-son, framkvæmdastjóri Bandalags háskólamanna, sagði í gær að félagið væri reiðubúið að ræða upptöku evru, ef það kynni að leysa efnahagsvanda þjóðarinnar.

„Það er ekkert sem við útilokum í þeim efnum, og heldur ekki að ræða um evrumálin,“ sagði Stefán eftir fund með ráðamönnum. „Við erum fullkomlega fús til þess. Að sjálfsögðu viljum við ræða um allt sem getur komið til hjálpar í þessu samhengi.“ Spurður hvort hann vildi tafarlausa aðildar-umsókn að Evrópusambandinu sagðist hann ekkert útiloka.

- sh

Formaður BSRB gagnrýninn:
Krafa um ESB flækist fyrir

EFNAHAGSMÁL Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, segir það flækja málin að setja fram kröfu um aðild að Evrópusambandinu nú. Heimildir herma að ASÍ hafi lagt þá hugmynd fram sem hluta af lausn vandans.

„Eitt helsta hitamál þjóðarinnar verður ekki leyst á helgarfundum. Við þurfum að greina á milli þess sem er viðráðanlegt núna og hins sem er ill- ef ekki óleysanlegt á þessari stund.“

Hann segir fulltrúa BSRB ekki hafa neitt umboð til að ræða þessi mál. „Við höfum ekki tekið afstöðu til evrunnar eða Evrópusambandsaðildar.“

- kóp

Reykjavík 871±2

Landnámssýningin The Settlement Exhibition

Lífið á landnámsöld

Aðalstræti 16
101 Reykjavík
www.reykjavik871.is

Sýningin er opin
alla daga frá 10–17

Minjasafn
Reykjavíkur

Erfiðlega gekk að safna nægum sjálfbóðaliðum í landssöfnun Rauða krossins:

Dræm þátttaka en góðar viðtökur

SÖFNUN „Það var mjög dræm þátttaka sjálfbóðaliða í þetta skiptið, hins vegar fengu þeir hvarvetna góðar móttökur,“ segir Sólveig Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi Rauða kross Íslands, um þátttöku í landssöfnun Rauða krossins „Göngum til góðs“.

Öllu fé sem safnast verður varið til að sameina fjölskyldur í Kongó sem hafa sundrast vegna stríðsátaka.

Sólveig segir að árið 2006 hafi um það bil 2.500 sjálfbóðaliðar gengið í hús og safnað fé fyrir góðu málefni. Nú hafi aðeins um eitt þúsund manns boðið fram krafta sín.

Sólveig segir að kreppa sé þó ekki skollin á þegar kemur að gjafmildi fólks. Þeir sem hafi fengið heim-sókn sjálfbóðaliða hafi tekið þeim vel. „Við vissum að það var á brattann að sækja vegna þeirrar deyfðar

sem nú ríkir í samfélaginu. Við höldum samt að það myndi rætast úr þessu þar sem veðrið var svo gott,“ bætir hún við.

Samkvæmt upplýsingum Rauða krossins um klukkan fimm hafði aðeins tekist að ganga í um 50 prósent húsa í Reykjavík og stærstu nágrennasveitarfélögunum. Söfnunin gekk þó vel á landsbyggðinni.

Þeim sem vildu gefa en fengu ekki heimsókn frá sjálfbóðaliðum Rauða krossins er bent á að hringja í söfnunarsíma Rauða krossins 903 1010, 903 3030 og 903 5050. Þá dragast frá 1.000, 3.000 eða 5.000 krónur á næsta símreikningi. Símarnir verða opnir út næstu viku.

- kdk

LEGGJA SITT AF MÖRKUM Regína Bjarnadóttir gekk til góðs ásamt ófæddu barni sínu og fimm ára gamalli dóttur sinni Elínu Kötlu Henrysdóttur.





einfaldlega betri kostur

Ný upplifun

njóttu þess að fegra
heimilið þitt

Opið í dag
kl: 10-19



KORPUTORG

Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík • www.ilva.is s: 522 4500
mánudaga - föstudaga **11-19** laugardaga **10-18** sunnudaga **12-18**

GENGIÐ 3.10.2008			
GJALDMÍÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	112,36	112,9
	Sterlingspund	198,72	199,68
	Evra	155,65	156,53
	Dönsk króna	20,862	20,984
	Norsk króna	18,75	18,86
	Sænsk króna	16,015	16,109
	Japanskt jen	1,0683	1,0745
SDR		172,37	173,39
GENGISVÍSITALA KRÓUNNAR			
206,7204			
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			

Ísland á heimssýningu í Kína: 190 milljónir í undirbúning

STJÓRN MÁL Í fjárlagafrumvarpi næsta árs er gert ráð fyrir að 190 milljónir króna fari í að standa straum af undirbúningskostnaði vegna þátttöku í heimssýningunni í Sjanghai í Kína árið 2010. Jafnframt kemur fram að sama fjárhæð verði sótt til verkefnisins árið 2010.

Í frumvarpinu segir að verkefnið sé samstarfsverkefni hins opinbera og einkafyrirtækja og að þátttaka Íslands muni fela í sér leigu á skála þar sem staðið verður fyrir umfangsmiklu kynningarstarfi.



ÁLSEY Svo heppilega vildi til að einn þeirra sem vann að viðgerð skipsins var slökkviliðsmaður. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Slökkviliðsmaður um borð: Eldur kviknaði í skipinu Álsey

SLÖKKVILIÐ Eldur kviknaði í nótaskipinu Álsey við Vestmannaeyjar skömmu fyrir hádegi í gær. Engin slys urðu á fólki en minni háttar skemmdir urðu. Talið er að neistaflug sem myndaðist við viðgerðir á skipinu hafi hlaupið í veiðarfæri og eldur því blossað upp.

Litlu mátti muna að eldurinn hefði komist í flottroll en það er mikill eldsmatur. Svo heppilega vildi til að einn þeirra sem voru við störf í skipinu var Steingrímur Svavarsson slökkviliðsmaður og náði hann að slökkva eldinn áður en félagar hans í slökkviliðinu mættu á staðinn.

Bandaríska vikuritíð Economist sakað um að nota íslenska hugmynd án leyfis:

Leyfa heiminum að kjósa

FJÖLMÍÐLAR Íslenskur markaðsráðgjafi sem setti upp könnun um stuðning þjóða heims við forsetaframbjóðendur í Bandaríkjunum sakar vikuritíð Economist um að hafa notað sömu hugmynd og útfærslu í leyfisleysi.

„Það er alveg mögulegt að þeir hafi fengið nákvæmlega sömu hugmynd, svo ég get ekki fullyrt að þeir hafi stolið henni,“ segir Hjörtur Smárason markaðsráðgjafi.

Hann setti ásamt tveimur öðrum upp netkönnun á vefnum www.iftheworldcouldvote.com, snemma í sumar. Þar getur fólk frá öllum löndum heims merkt við hvort það vill frekar að John McCain eða



HUGMYND Það er mikil tilviljun ef starfsmenn Economist fá sömu hugmynd og útfæra hana eins, segir Hjörtur Smárason markaðsráðgjafi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Barack Obama verði næsti forseti Bandaríkjanna. Niðurstöðurnar eru sýndar grafískt á heimskorti.

Economist setti upp mjög svipaða könnun í síðustu viku, með landakorti sem er afar svipað korti

Hjartar og félaga hans. Nafnið á könnunum er svo gott sem það sama.

„Það er mikil tilviljun ef þeir hafa ekki séð síðuna okkar,“ segir Hjörtur. Hann segir lítið hægt að gera í málinu, annað en að hafa samband við Economist og óska eftir því að upprunalegrar könnunar verði getið.

Tæplega 92 þúsund höfðu í vikulok greitt atkvæði á íslensku síðunni. Niðurstöðurnar eru Obama mjög í hag, um 87 prósent þeirra sem hafa kosið vilja hann frekar en McCain. Ríflega ný af hverjum tíu Íslendingum sem tekið hafa þátt í könnuninni hafa valið Obama. - bj

Þjóðnýting Glitnis afdrifarík afglöp

Alvarleg afglöp að bregðast við lausafjáarkreppu Glitnis með þjóðnýtingu, segir Richard Portes, prófessor í London. Seðlabanki Íslands hafi alls ekki sinnt skyldum sínum. Mikilvægt sé að halda stillingu, meðan ríkisstjórn vinni að lausn.

EFNAHAGSMÁL „Hin óvænta og óskiljanlega þjóðnýting íslenska ríkisins á Glitni hleypti skriðu af stað sem verður að stöðva með öllum ráðum,“ segir dr. Richard Portes, prófessor við London Business School.

Hann skrifaði skýrslu í fyrra ásamt Friðriki Má Baldurssyni, prófessor við Háskólann í Reykjavík, fyrir Viðskiptaráð Íslands um stöðu og framþróun íslenska fjármálakerfisins. Hefur hann verið tíður viðmælandi erlendra fjölmiðla um íslenskt fjármálalíf æ síðan og dregið upp aðra og jákvæðari mynd af stöðu mála hér og styrk bankanna en ýmsir aðrir.

„Ástandið sem nú geislar á alþjóðlegum fjármálamörkuðum er grafalvarlegt, en það tengist ekkert íslenskum aðstæðum sérstaklega. Athygli umheimsins beindist hins vegar öll að íslenska fjármálakerfinu við hina óvæntu þjóðnýtingu Glitnis, sem verða að teljast afar afdrifarík afglöp af hálfu Seðlabanka Íslands,“ segir Portes.

Hann kveðst hafa skoðað hálfárs uppgjör íslensku bankanna og undirliggjandi eignir þeirra séu góðar, en skortur sé á lausafé rétt eins og hjá flestum bönkum í veröldinni. Af þeim sökum hafi allir seðlabankar dælt peningum til þeirra gegn margvíslegum veðum í samræmi við hlutverk þeirra sem lánveitanda til prautavara.

„Þjóðnýtingin er risastórt inngríp sem vekur mikla athygli og fleiri spurningar en svör. Við bætist að formaður bankastjórnar Seðlabankans segir að án þjóð-



RICHARD PORTES Fráleitt að Glitnir hefði farið í þrot.



LÁRUS WELDING OG DAVÍÐ ODDSSON Forstjóri Glitnis og Seðlabankastjóri eftir að gengið hafði verið frá kaupum ríkisins á 75 prósent hlut í Glitni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

nýtingar hefði Glitnir orðið gjaldþrota. Það eru fráleit ummæli um banka sem glímur við tímabundinn lausafjáarskort við furðulegar aðstæður á alþjóðamörkuðum, en er að öðru leyti vel rekinn og með góða eiginfjárstöðu. Þau ættu fremur við um banka sem er hreinlega kominn í greiðsluþrot. Ég hef engan heyrt halda því fram að Glitnir hafi verið svo illa staddur,“ segir Portes og bætir við að þjóðnýtingin komi mjög illa við Kaupþing og Landsbankann, enda hafi vantraust í garð íslensks efnahagslífs aukist við þetta um allan helming.

Portes segist viss um að unnið sé að nauðsynlegum aðgerðum á vegum ríkisstjórnarinnar. Þær verði að koma sem allra fyrst. Hann hvetur þó stjórnvöld og ráðgjafa ríkisstjórnarinnar að láta ráðgjöf Seðlabankans lönd og leið, því þar á bæ hafi menn ítrekað

gert afdrifarík mistök, meðal annars með því að auka ekki gjaldeyrisvaraforðann, rýmka ekki reglur um veð í endurhverfum viðskiptum eða vinna frekar í sameiginlegum aðgerðum með öðrum seðlabönkum. Þá sé óskiljanlegt hvernig Seðlabankinn hafi unnið þegar kemur að gjaldeyrismálum almennt.

Hann bendir á að gagnrýnin geti ekki aðeins átt við um Davíð Oddsson, formann bankastjórnar Seðlabankans, því tveir aðrir skipi bankastjórnina, þeir Ingimundur Friðriksson og Eiríkur Guðnason. „Ég á síður von á að hreyft verði við þessum mönnum. En ég hvet ríkisstjórnina til að leita annað eftir ráðum. Staðan er mjög alvarleg og mikilvægt að halda ró sinni og taka yfirvegaðar ákvarðanir sem skila sér til lengri tíma,“ segir Richard Portes.

bjorn.ingi@markadurinn.is

Vantar bílastæði í Kína:

Flugvél Maós boðin til sölu

KÍNA Aukinni velsæld fylgja ný úrlausnarefni. Bílaeign hefur aukist mjög í Kína á síðustu árum. Nú er svo mikill skortur á bílastæðum í kringum verslunarmiðstöð í bænum Zhuhai að forstjórinn ætlar að selja gamla flugvél, sem þar var til sýnis.

Frægur eigandi var að vélinni, sjálfur Maó Zedong, fyrsti formaður Kínverska kommúnistaflokksins, sem lést árið 1976.

Vélin er bresk Trident-póta, keypt til Kína 1969, sem hefur ekki verið flogið síðan 1986. Eigendur verslunarmiðstöðvarinnar keyptu hana árið 1999.

- kóp



KORPUTORG SLÆR Í GEGN Í KREPPU Hleypa þurfti viðskipavinum inn í skipulögðum hópum við opnun kjarnans.

Korputorg vinsælt í kreppu: Viðskiptavinir biðu í röðum

VIÐSKIPTI „Fólk var mætt fyrir utan verslunarmiðstöðina upp úr sex um morguninn þannig að það var ekki annað að sjá en að áhuginn væri til staðar hjá fólki,“ segir Arnar Hallsson, framkvæmdastjóri fasteignafélagsins Stekkjarbrekku ehf. sem sá um byggingu verslunarkjarnans Korputorgs sem opnaði í gær.

Til stóð að verslanir á Korputorgi tækju til starfa í sumar en fresta varð opnuninni. Áhugi fólks þótti með mesta móti og þótt mikið hafi verið rætt um samdrátt og kreppu að andanförnu hafði mikil biðröð myndast fyrir utan húsið um klukkan átta í gærmorgun og þurfti að hleypa fólki inn í húsið í hópum.

- kdk

HÆSTIRÉTTUR

Skilorðsbindur dóm

Hæstiréttur hefur bundið dóm Héraðsdóms Reykjaness því sérstaka skilyrði að hinn dæmði neyti ekki á skilorðstímanum áfengis eða deyfilyfja en Héraðsdómur Reykjaness hafði áður sakfellt manninn fyrir fíkniefnalagabrot, hylmingu og umferðarlagabrot og dæmt hann í 22 mánaða fangelsi.



Rauði kross Íslands
Reykjavíkurdeild



Kynningafundur Á flótta


Kynningafundur um hlutverkaleikinn Á flótta verður haldinn 6. október kl. 20:00, á Laugavegi 120.

Fundurinn er ætlaður öllum þeim sem áhuga hafa á að taka þátt í leiknum sem og foreldrum þeirra sem ekki hafa náð 18 ára aldri.

Næsti leikur verður haldinn 11.-12. október.

Nánari upplýsingar fást hjá, urkir@redcross.is og 545 0407 Ungmennadeild Reykjavíkurdeild Rauða kross Íslands.

VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson
Veður-
fræðingur

HLÝNANDI
Eftir kuldakast síðustu daga hlýnar nokkuð afgerandi í dag. Sé horft til næstu vinnuviku eru horfur á hlýindum um mest allt land. Á morgun verður hinsvegar hvasst í veðri víða um land og gæti slegið í storm sunnan og vestan til. Vatnsveður er í kortunum vikuna á enda.

Á MORGUN
13-18 m/s

ÞRIÐJUDAGUR
8-15 m/s

HEIMURINN	
Kaupmannahöfn	12°
Billund	12°
Ósló	5°
Stokkhólmur	10°
Gautaborg	13°
London	15°
Paris	16°
Frankfurt	11°
Friedrichshafen	15°
Berlín	11°
Alicante	24°
Mallorca	25°
Basel	15°
Eindhoven	15°
Las Palmas	26°
New York	18°
Orlando	30°
San Francisco	19°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

Veljum Íslenskt



35%

AFSLÁTTUR

KS FERSKT LAMBALÆRI
937 kr./kg. MERKT VERÐ 1442 KR./KG.



798

KS FERSKUR LAMBABÓGUR 798 kr./kg.



40%

AFSLÁTTUR

HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1679 kr./kg. MERKT VERÐ 2798 KR./KG.



1398

KS FERSKUR LAMBAHRYGGUR 1398 kr./kg.



30% afsláttur

399

BÓNUS FERSKIR KRYDDAÐIR KJÚKLINGABITAR
399 kr./kg. MERKT VERÐ 569 KR./KG.



839

BÓNUS HAMBORGARHRYGGUR
30% AFSLÁTTUR 839 kr./kg.
MERKT VERÐ 1198 KR./KG.



399

ÍSLANDSFUGL FROSIN KJÚKLINGALÆRI
OG FROSNIR LEGGIR
399 kr./kg.



129

MYLLU HVÍTT SAMLOKUBRAUÐ
770 gr 129 kr.



198

BÓNUS FROSTPINNAR
15 stk 198 kr.



98

BÓNUS APPELSÍNUSAFI &
EPLASAFI 1 ltr. 98 kr.



98

EGILS 7 UP
2 ltr. 98 kr.

BONUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: SUNNUDAGA. 12.00-18.30

KJÖRKASSINN

Ætlar þú að koma við á opnun-
arhátíð verslunarmiðstöðvar-
innar á Korputorgi um helgina?

Já

10,3%

Nei

89,7%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Telur þú að í sjónmáli sé lausn
á vanda fjármálakerfisins á
Íslandi.

Segðu þína skoðun á [visir.is](#).

Á yfir höfði sér lífstíðardóm:
O. J. Simpson sakfelldur

LAS VEGAS, AP Ruðningskappinn og gamanleikarinn O.J. Simpson var í fyrrakvöld sakfelldur fyrir vopnað rán og tilraun til mannráns. Tíðrög málsins eru þau að fyrir um ári réðst Simpson með vopnavaldi, í slagtogi við fleiri menn, inn á hótélherbergi í Las Vegas. Mennirnir rændu þar íþróttamiðjagripum og ógnuðu fólki. Simpson gæti átt lífstíðarfangelsi í vændum en ekki verður úrskurðað um refsingu fyrr en í desember.

Sama dag og Simpson, sem nú er 61 árs gamall, var sakfelldur voru liðin nákvæmlega þrettán ár frá því að hann var sýknaður af því að myrða eiginkonu sína Nicole Brown og elskhuga hennar Ronald Goldman.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Árekstur í Eyjafirði

Harður tveggja bíla árekstur varð í Eyjafjarðarsveit við bæinn Grýtu um korter í ellefu í gærmorgun. Einn maður var í hvorum bíl. Þeir voru fluttir á slysadeild en talið er að meiddsl þeirra hafi ekki verið alvarleg.

Ók út af í Öxnadal

Ökumaður slapp með minni háttar meiðsl eftir að hafa misst bíl sinn út af veginum í Bakkaselsbrekku í Öxnadal upp úr klukkan ellefu í gærmorgun.

6

FRÉTTABLAÐIÐ

5. október 2008 **SUNNUDAGUR**

Kostnaður vegna starfsemi sendiráða eykst um 33 prósent á milli ára:

Sendiráðin kosta 2,5 milljarða

STJÓRNMÁL Heildarframlög til íslenskra sendiráða nema 2.530 milljónum króna á næsta ári, samkvæmt fjárlagafrumvarpi ársins 2009. Er það aukning um 33 prósent frá fjárlögum þessa árs.

Óskað er eftir sérstöku 22 milljóna framlagi „til að styrkja launa-grunn vegna útsendra starfs-manna“, eins og það er orðað og átján milljóna króna framlagi vegna stöðugildis útsends full-trúa við sendiráðið í Pretoríu.

Sendiráð Íslands í Brussel er kostnaðarsamasta sendiráðið, rekstur þess á næsta ári kostar 187 milljónir. Rekstur fasta-

BRUSSEL KOSTAR MEST	
Tíu kostnaðarsömustu sendiráð og fastanefndir Íslands í útlöndum	
Brussel	187
New York	179
París	158
London	149
Nató	124
Kaupmannahöfn	117
Genf	113
Berlín	111
Washington	107
Peking	104
Fjárhæðir eru í milljónum króna	

nefndarinnar í New York kostar 179 milljónir og sendiráðsins í París 157 milljónir.

Skrifstofur íslenskra aðalræð-ismanna í Þórshöfn og Winnipeg bera minnstan kostnað, tæpar 37 milljónir hvor.

Íslenska ríkið heldur úti sautján sendiráðum, fjórum fastanefnd-um í erlendum borgum og skrif-stofum aðalræðismanna í þremur borgum.

- bps

SENDIRÁÐIÐ Í BERLÍN Ísland og hin Norðurlöndin eru samþýlingar í einni sendiráðsbyggingu.

MISPUNG Á BRÚN Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, Angela Merkel, kanslari Þýskalands, Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti og Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, voru sammála um að aðgerða væri þörf, en virtust litla hugmynd hafa um hverjar þær aðgerðir ættu að vera.

NORDICPHOTOS / AFP

Fátt um skýr svör frá Evrópuleiðtogum

Leiðtogar stærstu ríkja ESB hétu því á fundi sínum í gær að vinna saman að lausn á efnahagsvandanum. Engar skýrar tillögur að aðgerðum litu þó dagsins ljós. Leiðtogarnir kalla eftir rúmi til að sveigja efnahagsreglur sambandsins.

PARÍS, AP Leiðtogar Frakklands, Bretlands, Þýskalands og Ítalíu lofa því að styðja við bakið á bönk-um þjóða sinna í efnahagsvand-um sem nú geisar. Leiðtogarnir fjórir hittust með stuttum fyrir-vara á fundi í París í gær til að ræða vandann og hugsanlegar aðgerðir til lausnar hans.

Þeir hétu því að vera samstiga við lausn vandans, en gáfu engin skýr svör um það í hverju slík lausn gæti falist. Ekki var settur á fót björgunarsjóður í líkingu við þann sem Bandaríkjaþing sam-þykkti í fyrrakvöld sem aðstoð við fjármálakerfið þar í landi. Þykir þetta endurspegla ólíkar áherslur leiðtoganna í málinu. Frakkar

höfðu talað fyrir sameiginlegum björgunarpakka upp á marga milljarða evra, en raunar hætt við hann, en Þjóðverjar telja að bank-arnir þurfi að bjarga sér sjálfir úr vandræðunum. Fjórmenningarnir voru þó sammála um að gera allt sem í þeirra valdi stæði til að laga ástandið.

Þeir óskuðu eftir rými til að sveigja efnahags- og fjármála-reglur Evrópusambandsins, ekki síst þegar kemur að því að sam-bandið þurfi að samþykka dýrar ríkisaðgerðir til bjargar bönkum. Slíkt ferli þurfti að vera hraðvirk og sveigjanlegt.

Þeir kölluðu einnig eftir öflugra fjármálaeftirliti og samhæfingu,

en útlistuðu ekki nánar hvað í því þyrfti að felast. Þeir sögðu einnig að leiðtogar heimsins þyrftu að hittast á fundi eins fljótt og auðið væri til að hefja allsherjaryfir-halningu á bankakerfinu í heild.

Þá voru leiðtogarnir sammála um það að refsa þyrfti stjórnend-um þeirra banka sem bjarga þyrfti með opinberu fé og að hluthafar þeirra þyrftu að bera mestalla ef ekki alla byrðina af aðgerðunum.

Nicolas Sarkozy Frakklands-forseti sagði brýnt að Evrópa tæki frumkvæði í að móta ábyrgan fjár-málaheim, á meðan yfirvöld í Bandaríkjunum væru upptekin af væntanlegum forsetakosningum.

stigur@frettabladid.is

Vetrartíðin veldur vanda:
Salt vantaði í Kópavogi

VEÐURFAR Snjókomar á fimmtu-dag kom mörgum í opna skjöldu og hafði ýmsar afleiðingar. Strax um kvöldið felldi Strætó bs. niður ferðir sínar í Kópavogi og bar við slæmri færð. En af hverju voru bara lagðar af ferðir í Kópavogi?

„Það var einfaldlega vegna þess að menn þar á bæ voru eitthvað seinir að bregðast við og söltuðu ekki göturnar. Í Kópavogi er mikið um brekkur þannig að þetta var sérstakt vandamál þar,“ segir Reynir Jónasson, forstjóri Strætós bs.

Hann segir aldur og ástand vagnanna sem keyra í Kópavogi ekki hafa haft nein áhrif á ákvörðunina.

- kóp

ALPINGI

Kristrún inn fyrir Ingibjörgu

Kristrún Heimisdóttir hefur tekið sæti á Alþingi í veikindaleyfi Ingibjarg-ar Sólrúnar Gísladóttur utanríkis-ráðherra. Kristrún er aðstoðarmaður ráðherrans.

VÍKINGALOTTÓ

Fékk 13 milljónir

Borgfirðingur vann 13 milljónir í bónusvinning í Víkingalottóinu á miðvikudag. Hann keypti miðann í Baulunni, en þangað hafði hann farið að kaupa bensín. Hann ætti að eiga nóg fyrir bensíni um tíma.

HEILSUGÆSLAN SALAHVERFI

Salavegi 2, 2. hæð, 201 Kópavogi, sími 590-3900

Inflúensubólusetning

Bólusetningar eru hafnar gegn inflúensu á Heilsugæslunni í Salahverfi

Eftirtöldum er einkum ráðlagt að láta bólusetja sig og fá bóluefnið frítt en þurfa einungis að borga komugjald:

- Allir einstaklingar 60 ára og eldri
- Öll börn og fullorðnir sem þjást af langvinnum hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdómum, sykursýki, illkynja sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum
- Heilbrigðisstarfsmenn sem annast einstaklinga í ofantöldum áhættuhópum

Opið alla virka daga 8-18. Ekki þarf að panta tíma í bólusetningu sé komið kl 8-9 og 13-14

Með kveðju,
Starfsfólk Heilsugæslunnar Salahverfi

Davíð Oddsson segir þá hafa verið utan við sig sem rangtúlkuðu orð hans:

Mælti aldrei með þjóðstjórn

STJÓRNMÁL Davíð Oddsson segist aldrei hafa mælt með að hér yrði mynduð þjóðstjórn á ríkisstjórnar-fundi eins og greint var frá í Fréttablaðinu á fimmtudag. Hann segist undrandi á að ummæli hans hafi lekið í fjölmiðla og trúnaður hafi þannig verið rofinn.

„Ég hef nú sennilega stjórnað fleiri ríkisstjórnarfundum heldur en nokkur annar maður á landinu og þá var meginreglan sú að það sem þar væri sagt væri trúnaðar-mál. Þannig að það kemur mér á óvart ef menn hafa breytt út frá þeirri stefnu,“ segir Davíð.

Davíð segist hafa sagt „nokkurn veginn nákvæmlega“ eftirfarandi: „Ég er á móti þjóðstjórnunum vegna þess að ég tel að allar ríkisstjórnir þurfi gagnrýni og aðhald, en það eru sumir sem eru hlynntir þjóð-stjórnunum og ef menn sem eru hlynntir þjóðstjórnunum þurfa aðstæður í landinu til þess að bjóða upp á slíkt þá eru þær aðstæður núna.“

Ög hann gagnrýnir þá sem rang-túlkuðu orð hans: „Þeir sem telja

VIÐ RÁÐHERRABÚSTAÐINN Davíð svaraði spurningu blaðamanns Fréttablaðsins eftir að hann ræddi við ráðherra í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN

að þarna sé ég að leggja til þjóð-stjórn, ja, þeir hafa verið mjög utan við sig á fundinum.“ Meðal þeirra sem gagnrýnt hafa Davíð fyrir ummælin eru Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, vara-

formaður Sjálfstæðisflokksins, og Össur Skarphéðinsson iðnaðarráð-herra, sem sögðu bæði að Davíð væri með ummælunum kominn langt út fyrir valdsvið sitt sem seðlabankastjóri.

- sh

Svo þú verðir ekki algjört grænmeti

Nokkur atriði um jákvæð áhrif sveppa, meðal annars á ónæmiskerfið og umbreitingu á fitu í orku

Varðveitir meltingarveginn og starfsemi hans

Örvar og styrkir ónæmiskerfið

Varðveitir taugakerfið

Viðheldur heilbrigði rauðra blóðkorna

Stuðlar að heilbrigðu útliti húðar

Einn af örfáum náttúrulegum framleiðendum D-vítamíns

Er ríkur af vítamínum sem umbreyta prótíni, fitu og kolvetnum í orku

islenskt.is



Íslenska þjóðin stendur á algjörum krossgötum:

Sólarhringur

BJÖRN INGI HRAFNSSON SKRIFAR

Á Íslandi býr hnípin þjóð í vanda. Næsti sólarhringur getur ræðið miklu um fjárhagslegt sjálfstæði hennar til næstu framtíðar og miklu fyrir komandi kynslóðir í þessu landi. Athygli heimspressunnar beinist hingað í auknum mæli. Aðgerða er þörf og það mikilla, eigi að takast að bregðast við alvarlegustu stöðu sem blasað hefur við íslenskum þjóðarbúskap um langt skeið, kannski nokkru sinni. Það er skammur tími til stefnu, en þetta er samt hægt.

Við skulum láta pólitík lönd og leið. Það er enginn tími fyrir slíkt nú þegar mest ríður á að allir standi saman sem einn maður. Okkur ber skylda til að gera hvaðeina það sem þarf til og riflega það. Komandi kynslóðir munu annars dæma okkur hart.

Það veit á gott að margir hafi verið kallaðir til nú um helgina. Auðvitað átti það samstarf að vera löngu hafið, en mestu skiptir að sameina nú alla í einn hóp sem vinnur sameiginlega að lausn mála. Kalla þarf til alla færustu sérfræðinga. Nýta öll sambönd erlendis í leit að fyrirgreiðslu. Kosta kapps um hvaðeina sem að gagni kann að koma. Þetta er allt saman hægt.

Forsætisráðherra kveðst bjartsýnn á lyktir mála. Það veit á gott. Viðskiptaráðherra hefur sagt að til þurfi að koma stór aðgerðapakki. Það er skynsamleg ályktun. Smáskammtalækningar eiga ekki við. Félagsmálaráðherra hefur bent á að allt sé nú undir og skoða þurfi alla möguleika. Það er alveg laukrétt.

Seðlabankinn þarf að senda sterk skilaboð til fjármálalífisins. Hann þarf að rýmka veðheimildir, styðja við bakið á bönkunum og virkja vitaskuld sitt net úti í hinum stóra heimi. Við höfum aðgang að lánalínum og verðum að draga á þær, ef ekki í gjald-eyrisskort, þá hvenær? Stórt erlent lán í eintölu eða fleirtölu hlýtur að vera í vinnslu, annað getur ekki verið. Seðlabankar á Norðurlöndum hafa samið við okkur um viðbragðsáætlun þegar mikið liggur við, er sá tími ekki kominn nú? Er ekki örugglega fundað dag og nótt með seðlabönkum í Frankfurt, London og Washington?

Af samtölum við aðila í íslensku stjórnmála-, fjármála- og viðskiptalífi síðustu daga má glögglega draga þá ályktun að íslenska þjóðin standi nú á krossgötum. Slíkar kringumstæður geta líka skapað óvænt tækifæri, eins og iðnaðarráðherra hefur réttilega bent á. Auðvitað er óhjákvæmilegt að ræða framtíð íslensku krónunnar. Ef fjármálalífið, atvinnurekendur og launþegar hafa ekki trú á gjaldmiðlinum til framtíðar, er kominn upp staða sem verður að takast á við. Forsætisráðherra getur ekki aðskilið þau mál frá öðrum viðfangsefnum á sínu borði.

Bankarnir verða líka að taka til í sínum ranni. Sömuleiðis þeir aðilar sem safnað hafa digrum sjóðum í erlendum gjaldeyri. Þessum aðilum ber skylda til að losa um þær stöður nú. Hér þurfa allir að hjálpast að, eigi almenningur í þessu landi ekki að horfa fram á hreint fjárhagslegt hrun.

Það er upplífandi að erlendir fjölmiðlar telja að næsti sólarhringur geti skipt hér sköpum. Miklu skiptir að efnahagsráðgjafi forsætisráðherra hefur komið þar fram og róað alþjóðasamfélagið með fyrirheitum um aðgerðir í undirbúningi. Slíkum fyrirheitum þarf að fylgja ríkuleg innistæða og raunveruleg útspil af áður óþekktri stærðargráðu. Þetta er allt saman hægt.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal jk@frettabladid.is og Þorsteinn Pálsson thorsteinn@frettabladid.is ADSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðdóm verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24
alla virka daga frá kl. 8-17.



...góðar fréttir fyrir umhverfið

FRÁ DEGI TIL DAGS

Gereyðingarvopn

Ungliðapíng Samfylkingarinnar stendur yfir þessa dagana. Segja má að tímasetningin sé ekki heppileg, í það minnsta er athygli fjölmiðla einhvers staðar annars staðar. Margt merkilegt ber þó á góma á þinginu.

Ungt fólk á að vera róttækt og gratt í orðum og formaður Ungra jafnaðarmanna, Anna Pála Sverrisdóttir, brást ekki þeim kröfum. Þannig kallaði hún Davíð Oddsson „gereyðingarvopn“ í stöðu seðlabankastjóra og krafðist þess að hann viki.

Óvíst er hvort orðið verður við þessari kröfu en kannski er þarna kominn skýring á þeim gereyðingarvopnum sem Halldór Ásgríms-

son tilkynnti heimsbyggðinni hróðugur að Íslendingar hefðu fundið í Írak um árið?

RÚV skrefi á undan

Margir hafa haft það að orði að efnahagsástandið og kaup ríkisins á hlut í Glitni hafi fært þjóðarþúið fjölmörg ár aftur í tímann, einn eða tvo áratugi jafnvel.

Ríkisútvarpið - sjónvarp hefur hent þetta á lofti og gengur nú á undan með góðu fordæmi. Þátturinn Á tali með Hemma Gunn, hefur nú verið endurreistur. Í takt við tímann er stjórnandi nú hins vegar Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir.



kolbeinn@frettabladid.is

Ávísun á skerðingu fullveldis



Eftir Ingvar Gíslason

Ég er andvígur því að Ísland gerist aðili að Evrópusambandinu.

Andstaða mín er reist á ýmsum rökum, en tvennt vegur þýngst, sem þó er eitt og hið sama, þ.e. að aðild að ríkjasambandinu felur í sér fullveldisafsal í ríkum mæli og hitt sem augljóst er, að pólitísk umbreyting fylgir í kjölfarið. Aðild að slíku ríkjasambandi breytir til muna hlutverki og verksviði stjórnmálanna. Í því sambandi bendi ég á að fullveldisafsalið færir ekki aðeins framkvæmdavaldsathafnir úr landi — sem er nógu slæmt, heldur flyst lagasetningarvaldið að stórum hluta frá aðildarlandinu. Alþingi verður móttakandi fyrir aðsenda löggjöf og lætur sem það stundi löggjafarstarf.

Þá er á það að minna enn frekar, sem er veigamesta atriði alls þessa máls. Ef Ísland gerist aðili að Evrópusambandinu, þá er Ísland ekki fullvalda ríki nema að nafninu til. Leiðum hugann að þeim mun sem er á því að land er fullvalda þjóðríki og hluti af ríkjasambandi. Hver getur haldið því fram að það skipti engu máli stjórnskipulega og stjórnmálalega að breyta ríki sínu úr sjálfstæðu og fullvalda landi í það að vera ríkishluti sambandsríkjaheildar?

Leikur að fjöreggi sjálfstæðis

Útgangspunktur minn er sá að Lýðveldið Ísland er fullvalda ríki og hefur sem slíkt óskert yfirráð yfir landi sínu, landhelgi hvers konar og efnahagslögsögu og deilir þessum pólitísku gæðum ekki með neinum. Lýðveldið Ísland ræður vitaskuld yfir þriggreindu ríkisvaldi, löggjafarvaldi, framkvæmdavaldi og dómvaldi. Með því að gerast aðili að ríkjasambandi verður það óhjákvæmilega að afsala þessum pólitísku gæðum og fullveldistáknum að meira eða minna leyti til alríkisins, hins yfirþjóðlega valds. Þessa kvöð segja sambandsríkissinnar að megi forsvara með þeirri þversagnar-kenndu lýsingu að kalla fullveldið „sameign“ innan ríkjasambandsins. Slíkt er firra.

Þessi

sameignarkenning er eitt töfra-bragðið af mörgum, þegar reynt er að réttlæta afsal og framsal fullveldisréttar sem skiptimynt fyrir viðskipta- og kaupsýslumál í sínum óteljandi myndum. Svo langt er gengið að fullveldisafsöl eru sögð „ekkert mál“. Varaformaður Framsóknarflokksins, Valgerður Sverrisdóttir, sem ég vonaði fyrir nokkrum árum að yrði formaður flokksins, segir í viðtali við 24 stundir 20. september um ótta manna við valdaafsal sem fylgir aðild að ESB, að slíkt sé „auðvelt að hrekja“. Hvernig getur reyndur og vel vitborinn stjórnmálamaður tekið sér þessa vitleysu í munn? Ég hélt að fullyrðing af þessu tagi heyrði sögunni til. Allir opinskáir og pukurslausir boðberar og málsvarar þess að þjóðir gerist aðilar að ESB, viðurkenna að aðild skerðir fullveldi aðildarríkja, felur í sér afsal fullveldis í stórum stíl til alríkisstjórnar, hins yfirþjóðlega valds. Ekki veit ég annað en að Framsóknarflokkurinn hafi ályktað svo, að breyta þurfi stjórnarskrá ef Ísland gengur í ESB. Af hverju þarf að breyta stjórnarskrá lýðveldisins? Að sjálfsöögðu vegna þess að innganga í bandalagið, að stjórnarskrá óbreyttri, væri stjórnarskrárbrót. Í öllu þessu ESB-máli erum við að leika með fjöregg sjálfstæðis og fullveldis.

Framsóknarflokkur á villigötum

Nú kemst ég ekki hjá því að víkja orðum að Framsóknarflokknum. Um þessar mundir eru 64 ár síðan ég, 18 ára menntaskólanemi á Akureyri, ákvað að gerast framsóknarmaður, leggja Framsóknarflokknum lið. Það heit efndi ég rækilega eins og margir vita. Ég lét mig ekki muna um að vera opinber talsmaður og málsvari flokksins í u.þ.b. 40 ár. Ég þekki því allbærilega sögu flokks míns,

Allir í Glitni

Ung vinstrí græn funda einnig nú um helgina. Auður Lilja Erlingsdóttir, formaður þeirra, fór mikinn í setningarræðu. Hún skammaði Samfylkingarfólk fyrir að hafa ekki beitt virkri hlustun undanfarin ár, heldur eytt tíma í að agnúst út í reiðu kommana. Þá kom hún inn á persónulegri mál eins og sinn eigin sparnað.

Á meðan aðrir hefðu flykkst í Glitni til að taka út sparnað sinn, hefði hún sjálf fært sín viðskipti þangað, „enda hvergi öruggara að „vera með sitt fé í ljósi sérlega virkra og öruggrar efnahagsstefnu íslenskra stjórnvalda“. Sannarlega til fyrirmyndar.

kolbeinn@frettabladid.is

viðhorf og stefnumál, þróun og aðlögunarvandamál á mesta breytingaskeiði Íslandssögunnar. Rými þessarar blaðagreinar leyfir ekki að ég reki alla þá sögu. Ég minni þó á að Framsóknarflokkurinn er elsti starfandi flokkur landsins, stofnaður fyrir fullum 90 árum. Ef svo skyldi vera að hann láti nokkuð á sjá (það sést a.m.k. á kjörfylgi hans), þá kann það að eiga sínar skýringar. Þær læt ég liggja milli hluta. Og þó!

Því miður er svo komið, að um ýmsa hluti þekki ég ekki flokkinn minn sem minn flokk. Ég sé ekki alveg fyrir mér baklandið og kjörfylgið. Hitt þykir mér verra að ýmsir áberandi forustumenn í flokknum hafa lagt sig fram um að gera sjálfa sig að helstu hvatamönnum þess að Ísland gerist aðili að Evrópusambandinu. Í þessu framferði sé ég mesta breytingu á Framsóknarflokknum á öllu margumtöluðu breytingaskeiði 20. og 21. aldar. Og hvað er það sem rekur þetta fólk til þess að gerast eftirrekstrarmenn í þessu umdeilda máli?

Jú, svarið felst að miklu leyti í orðræðu og ályktun miðstjórnarfundar sl. vor, þar sem það var kallað „skylda stjórnmálamanna“ að svara kalli almennings og atvinnuveganna hver „staða Íslands í Evrópu“ skuli vera. Ekki hef ég orðið var við kall eða kröfugöngur af hálfu almennings um þetta mál. Hitt kann að vera rétt að fésýslumenn í útrásarhug telji það skyldu stjórnmálamanna að auðvalda þeim kaupskap sinn á alþjóðavettvangi, sem þó sýnast lítil höft á. Umrædda ályktun miðstjórnar (sem líklega var hugsuð sem e.k. málamiðlun) nota áróðursmenn ESB-aðildar innan flokksins sem viðspyrnu í útbreiðslustarfsemi sinni, gilda heimild til boðunar fagnaðarerindisins um „stöðu Íslands í Evrópu“.

Þessi málafylgja er ekki að mínu skapi. Hún er á skjön við þjóðhyggju Framsóknarflokksins.

Höfundur er fyrrverandi ráðherra og alþingismaður Framsóknarflokksins.



Til hamingju

með Íslandsmeistaratitilinn í rally 2008

Sigurður Bragi Guðmundsson og Ísak Guðjónsson
fóru alla leið með Skeljungu

made to move ➤



Vörumerki Shell eru notuð af Skeljungu með leyfi Shell Brands International AG.





FYRIRMYND Vigdís greindist með brjóstakrabbamein fyrir rúmlega þremur áratugum. Sú reynsla réði miklu um þá ákvörðun hennar að taka að sér hlutverk verndara Krabbameinsfélagsins. Hún vill að konur sem greinast með krabbamein hugsi til sín og þess sem hún hefur áorkað síðan hún greindist með sjúkdóminn.

MYND/ÓLAFUR RAFNAR ÓLAFSSON

Íslendingar eru skynsamt fólk

Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, er verndari Krabbameinsfélags Íslands. Félagið stendur fyrir lokaátaki til að kaupa ný rannsóknartæki með sölu bleiku slaufunnar þessa dagana. *Kjartan Guðmundsson* ræddi við Vigdísu um söfnunina, sjúkdóminn og baráttuþrek Íslendinga.

Bleika slaufan til fjáröflunar er með því besta sem komið hefur fram í baráttunni gegn brjóstakrabbameini. Allir geta borið hana, bæði konur og karlar, hvar og hvenær sem er. Þegar karlarnir bera slaufuna eru það skilaboð til kvenna að þær heyi ekki einar þessa baráttu. Langt frá því,“ segir Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands og verndari Krabbameinsfélags Íslands. Tilefni samtals okkar er söfnunarátak félagsins, sala á bleiku slaufunni, sem hófst formlega síðasta miðvikudag.

Mikið vatn runnið til sjávar
Vigdís gerðist verndari Krabbameinsfélagsins skömmu eftir að hún tók við embætti forseta Íslands árið 1980. Hún segir þá staðreynd að sjálf hafi hún þurft að glíma við sjúkdóminn hafa ráðið miklu í þeirri ákvörðun að takast verkefnið á hendur. „Á þeim rúmlega þrjátíu árum sem liðin eru síðan ég greindist með krabbamein hefur mikið vatn runnið til sjávar. Rannsóknnum hefur fleygt fram og mikið áunnist. Til dæmis eru aðgerðir ekki nærri eins stórtækar nú og þær voru fyrr á árum. Því skiptir það einnig öllu máli að þau rannsóknartæki sem nú er völ á eru fær um að greina sjúkdóminn fyrr en verið hefur, og auka þannig líkurnar á bata. Það er ekki hægt að ofmeta mikilvægi þessara tækja sem verið er að safna fyrir. Því fyrr sem sjúkdómurinn greinist, því stærri og bjartari er vonin.“

Sjúkdómur sem leynir á sér
Vigdís segir betur ástatt um fleiri þætti en lækninga- og rannsóknartækjakost nú en fyrir þrjátíu árum. „Árveknin fyrir brjóstakrabbameini er meiri nú hjá konum og eins meðal ættingja, vina og fólks almennt. Krabbameinsleitarstöðin hefur þar haft stórt hlutverk. Á því leikur enginn vafi að Krabbameinsfélagið hefur unnið þrekvirkni í kynningu á sjúkdómnum, einkennum hans og réttu úrræðunum. Krabbameinið er einn af þeim sjúkdómum sem leyna oft

„Petta var áfall, og auðvitað varð ég kvíðin eins og allir aðrir. Fjölskyldan mín varð líka hrædd, en við studdum hvert annað. Ég komst fljótt yfir áfallið og hef haldið í vonina síðan. Hún hefur reynst mér mjög vel.

á sér. Hann kemur gjarnan eins og þruma úr heiðskíru lofti og oft þarf að leita einkennin uppi. Konur þurfa að sýna mikla árvekni á öllum aldri,“ segir Vigdís, og bætir því við að til allrar hamingju hafi lífslíkur kvenna sem fá brjóstakrabbamein aukist mikið á síðustu árum.

Snertir fleiri en sjúklinginn
Vigdís leggur á það mikla áherslu að krabbameinið snerti ekki einungis þann sem greinist með sjúkdóminn, heldur hafi það gríðarleg áhrif á alla í kringum hann, þar á meðal þá sem næst honum standa. „Frá mínum bæjardyrum séð er ekki nokkur spurning um að ættingjar og ástvinir eigi að taka þátt í söfnunum sem þessari. Þeir þurfa að glíma við gríðarlegar áhyggjur og sársauka ef einhver í kringum þá veikist. Ég hef séð með eigin augum og reynt sjálf hvernig óttinn gerir vart við sig í slíkum aðstæðum. Að mínu mati skiptir jákvætt hugarfar og sá kraftur sem fylgir bjartsýni afar miklu máli. Að ekki sé verið að ræða mikið um óttann í nánasta umhverfi sjúklingsins, heldur miklu frekar að stappa stálinu í viðkomandi og hjálpa þeim.“

Hugsa daglega til þeirra
Sjálf greindist Vigdís með brjóstakrabbamein fyrir rúmum þremur áratugum. Hún segir fjölskylduna hafa verið sína stoð og stytta í því sem við tók. „Mér er efst í huga hversu skjót viðbrögðin voru. Ég brást í raun við frá degi til dags. Þetta var áfall, og auðvitað varð ég kvíðin eins og allir aðrir. Fjölskyldan mín varð líka hrædd, en við studdum hvert annað. Ég komst fljótt yfir áfallið og hef haldið í vonina síðan. Hún hefur reynst mér mjög vel. Sá dagur líður ekki að ég hugsi ekki til þeirra kvenna sem þurfa að ganga í gegnum það sem ég upplifði á sínum tíma,“ segir Vigdís. Hún bætir við að konum geti reynst erfitt að glíma við brjóstakrabbamein vegna þess að um sé að ræða svo viðkvæman hluta líkamans. „Það má líkja þessu við blöðruháls-

kirtilskrabbamein hjá körlum. Bæði þessi mein eru mjög algeng og leggjast einnig þungt á sálina. Hér er um að ræða viðkvæma hluta líkamans fyrir bæði kyn.“

Vill að konur hugsi til sín
Spurð um hlutverk sitt sem verndari Krabbameinsfélags Íslands segir Vigdís að henni þyki vænt um þá stöðu og félagið sjálft. „Ég trúi því að það sé mikilvægt að ég sé verndari félagsins vegna þess að margar konur þekkja mig og sögu mína. Þegar þessar konur veikjast geta þær hugsað til mín og þess sem ég hef áorkað síðan ég greindist með krabbamein. Ég er ennþá meðal vor. Ég gegndi krefjandi embætti forseta Íslands í sextán ár og síðustu tólf árin hef ég verið önnur kafin í mörgum mismunandi alþjóðlegum verkefnum. Ég er full af orku og hef ekki komið auga á þennan helga stein ennþá. Ég vil helst ekki að neinn bendi mér á þann stein, því ég þarf ekkert að sjá hann. Ekki strax,“ segir forsetinn fyrrverandi og hlær dátt.

Vongóð um árangur

Söfnunarátakið sem byggist á sölu bleiku slaufunnar er nú farið í gang nítunda árið í röð. Krabbameinsfélagið vonast til að selja 40.000 slaufur að þessu sinni til að ljúka fjármögnun á nýjum, stafrænum röntgentækjum og öðrum búnaði til brjóstakrabbameinsleitar. Vigdís segist vongóð um að Íslendingar taki vel við sér, festi kaup á slaufunni og styðji þarft og gott mál efni. „Ég trúi alltaf á mikinn árangur, vegna þess að ég er alltaf að upplifa góðan árangur, aftur og aftur. Ég hef orðið vitni að miklum árangri með sölu bleiku slaufunnar áður, og einnig í söfnun Mænuskaðastofnunar fyrir stuttu síðan. Safnanir sem þessar hafa skilað mörgum góðum málefnum miklu fé,“ segir Vigdís. Hún hefur mikla trú á löndum sínum þegar kemur að málum sem þessum. „Íslendingar eru þannig að þegar þeir skynja mikla þörf fyrir ákveðnar aðgerðir, eins og kaup á rannsóknartækjum vegna sjúkdóma, þá bregðast þeir skjótt við. Þegar á móti blæs sýna Íslendingar styrk sinn. Íslendingar eru skynsamt fólk.“



BRÝN NAUÐSYN Að sögn Vigdísar hefur krabbamein mikil áhrif á alla í kringum þann sem veikist. Jákvætt hugarfar og sá kraftur sem fylgir bjartsýni skipti miklu máli.

Bleika slaufan



FJÖRTÍU ÞÚSUND SLAUFUR Söfnunar-
átak Krabbameinsfélagsins var
hleypt af stokkunum í síðustu viku.
Markmiðið er að selja fjörutíu þúsund
slaufur. Á myndinni má Dorrit
Moussaieff forsetafrú, Guðrúnu Agn-
arsdóttur og Hendrikku Waage.

Söfnunarátak Krabbameinsfélags
Íslands, sala á bleiku slaufunni,
er nú í gangi
níunda árið
í röð. Allur
ágóði af sölu
á slaufunni
verður not-
aður til að
ljúka greiðslu
á nýjum, staf-
rænum röntg-
entækjunum
og öðrum
búnaði til brjóstakrabbameins-
leitar. Töluverðir fjármunir hafa
safnast upp í kaupin nú þegar
frá örlátum gefendum, og bindur
forstjóri Krabbameinsfélagsins,
Guðrún Agnarsdóttir, vonir við að
salan á bleiku slaufunni dugi til
að brúa það sem upp á vantar. Til
þess að það takist þurfa að seljast
40.000 slaufur.



GUÐRÚN
AGNARSDÓTTIR



HENDRIKKA
WAAGE

Alls hafa verið
keypt fimm
starfræn
röntgentæki
og eru þrjú
staðsett í
leitarstöð
Krabbameins-
félagsins í
Skógahlíð, eitt
á Sjúkrahús-
inu á Akureyri

en fimmta tækið er færnanlegt og
verður notað í skoðunarferðum í
aðra landshluta.

Bleika slaufan er með
nokkuð öðru sniði en áður,
því nú er hægt í fyrsta sinn
að fá slíka sem er hönn-
uð af skartgripa-
hönnuði og því
mun eigulegri
gripur en áður.
Hendrikka
Waage hannar
slaufuna, en
hún hefur hlot-
ið alþjóðlega
viðurkenningu
fyrir skart-
gripa-
hönn-
un
sína.



Sölustaðir

Bleika slaufan kostar 1.000 krónur
og dagana 1.–15. október verður
hægt að kaupa hana hjá eftirtöld-
um söluaðilum sem selja slaufuna
án álagningar:

**Kaffitár
Te & Kaffi
Eymundsson
Frumherji
Samkaup
Lyfja
Lyf og heilsa
Lyfjaval
Hreyfill**

Sértök skart-
útgáfa af bleiku
slaufunni,
hönnuð af
Hendrikku
Waage,
verður einnig
seld til stuðnings átaki Krabba-
meinsfélagsins. Hún kostar 5.900
krónur og verður einungis til
sölu hjá Krabbameinsfélaginu, í
Saga Boutique og hjá söluaðilum
Hendrikku Waage á Íslandi sem
eru: Leonard Kringlunni, Leonard
Duty Free, Icelandair, Hilton hotel
og Halldór Ólafsson á Akureyri.



Alfesca



Aðalfundur Alfesca hf. verður haldinn á Hilton Reykjavík Nordica
Hotel, mánudaginn 20. október 2008 og hefst klukkan 16:00.

Eftirtalin mál eru á dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár.
2. Ársreikningar félagsins fyrir síðastliðið starfsár, ásamt skýrslu endurskoðenda.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á síðastliðnu reikningsári.
4. Ákvörðun stjórnarlauna.
5. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
6. Kjör stjórnar til eins árs.
7. Kosning endurskoðenda.
8. Tillaga um að heimila félaginu að kaupa eigin hlutabréf.
9. Tillaga um breytingar á samþykktum:

Tillaga um að stjórn félagsins fái heimild til að auka hlutafé félagsins með útgáfu 2.300.000.000 nýrra
nafnverðshluta eða til að taka skuldabréfalán að fjárhæð allt að 2.300.000.000 krónum er veiti lánardrottni
rétt til þess að breyta kröfu sinni á hendur félaginu í hluti í því og í tengslum við það hafi stjórn félagsins
heimild til að hækka hlutafé félagsins um allt að 2.300.000.000 að nafnverði með útgáfu 2.300.000.000
nýrra hluta. Kaupgengi hlutanna og söluskilmálar hlutanna skulu vera nánar ákveðnir af stjórn félagsins.
Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum til áskriftar að þessum nýju hlutum. Heimildin gildir til 01.10.2013
að því marki sem hún hefur ekki verið nýtt fyrir þann dag.

Tillaga um breytingu á ákvæði samþykktá félagsins sem viðkemur rafrænni þátttöku hluthafa. Stjórninni
veitt heimild til að ákveða hvort og hvernig rafrænni þátttöku hluthafa er háttað og atriði er viðkoma
framkvæmd slíkrar þátttöku hluthafa skýrð.

10. Tillaga um arðstefnu félagsins.
11. Önnur mál.

Fundarstörf fara fram á ensku.

Til þess að tillögur frá hluthöfum sem leggja á fyrir á fundinum verði teknar til umræðu á fundinum verður að
skila þeim til stjórnar félagsins eigi síðar en sjö dögum fyrir fundinn.

Dagskrá fundarins, ársskýrslur og endanlegar tillögur verða aðgengilegar hluthöfum á skrifstofum félagsins
að Kringlunni 7, 103 Reykjavík, sjö dögum fyrir fundinn.

Atkvæðaseðlar og önnur gögn verða aðgengileg á fundarstað sem og á skrifstofum félagsins fimm dögum
fyrir fundinn.

Hluthöfum er gefinn kostur á að greiða atkvæði um tillögur eða taka þátt í kosningum bréflega. Geta hluthafar
óskað eftir að fá atkvæðaseðla senda og skal skrifleg beiðni þar um hafa borist skrifstofu félagsins fimm dögum
fyrir fundinn. Einnig geta hluthafar vitjað atkvæðaseðla sinna á skrifstofu félagsins frá sama tíma eða greitt þar
atkvæði. Atkvæði þannig greidd skulu hafa borist skrifstofu félagsins fyrir upphaf fundar.

Frekari upplýsingar um félagið má finna á heimasíðu þess www.alfesca.com

Stjórn Alfesca hf.



Markaðurinn alla daga

vísir
Fyrstur með fréttirnar!



BIRGIR ÍSLEIFUR MEÐ MOTION BOYS Í RAMMA „Við rifumst aldrei enda allir með góðan smekk.“

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Við erum allir með góðan smekk

Birgir Ísleifur Gunnarsson fer fyrir hljómsveitinni Motion Boys, syngur og semur lög og texta. Hang On, fyrsta plata sveitarinnar kemur út fimmtudaginn 9. október og sama dag heldur sveitin útgáfutónleika á Nasa. *Dr. Gunni* hitti Birgi yfir 650 króna cappuccino-bollum á Hótel Holti.

Fyrst heyrðist í hljómsveitinni Motion Boys snemma á síðasta ári þegar fyrsta lagið, *Waiting to Happen*, fór í spilun. Síðan þá hafa fjögur lög í viðbót bæst við og nú hillir undir fyrstu plötuna, *Hang On*.

„Ég hef alltaf verið smáskifu-maður og mikið þælt í því konsepti,“ segir Birgir. „Mér finnst mjög eðlilegt að hljómsveit sem er að reyna að vekja á sér athygli hendi út nokkrum lögum í spilun áður en hún kemur með fyrstu plötuna sína. Ég held að það hafi hjálpað okkur að þessi lög hafi heyrst og búið til hlustendahóp í kringum þetta. Fólk veit að minnsta kosti að einhverju leyti hvernig tónlist við stöndum fyrir.“

En fyrir þá sem hafa aldrei heyrt í ykkur – til hvaða lýsingarorða myndirðu grípa til að lýsa tónlistinni ykkar?

„Þetta er töff, þetta er frumlegt, þetta er nýtt, þetta virkar!“ segir Birgir og hlær. „Nei, ég veit það ekki! Þetta er faguð tónlist, örvæntingarfull og elegant.“

Elegant í stórborginni

Mér finnst Birgir hitta naglann á höfuðið. Motion Boys spilar fagað popp, elegant, en það er líka töff. Andi Bryans Ferrys og hljómsveitarinnar Roxy Music svífur yfir vötnum og Birgir fer ekkert í launkofa með að vera addáandi.

„Hann er ótrúlega skemmtilegur karakter og líka frábær textahöfundur. Ég held að hann sé sá fyrsti sem bjó til popplag um ástar-samband sitt við uppblásna dúkku. Það væri gaman að fá að hitta hann við tækifæri og snæða með honum morgunverð. Ég reyni

samt að búa ekki til of mikil goð úr hetjunum mínum og býst ekkert við að hvert einasta orð frá honum sé töfraþragð.“

Hvað er það við elegansinn sem þú fílar?

„Ég veit það ekki,“ segir Birgir og fer að hlæja. „Ég hef bara fílað elegansinn frá því í æsku!“

Gerir þú kröfur til liðsmanna hljómsveitarinnar að þeir séu elegant? Er bannað að mæta með skítugt hár í snjóþvegnum gallabuxum á æfingu?

„Það er engin þörf á reglum, við erum allir með góðan smekk. Tobbi gengur til dæmis með greiðu úr silfri í vasanum.“

Og smekkmenn syngja auðvitað um ástina?

„Jú, en samt. Ég vona að við getum komið fólki á óvart með henni. Það er borgarflingur á henni. Okkur langaði til að gera plötu um örvæntingarfullt fólk í stórborg. Ef fólk hlustar á plötuna í heild sinni heyrir það að þetta er ekkert venjulegt poppband. Draumurinn er að vinna eftir allt öðru konsepti á næstu plötu. Við viljum fara lengra í öfunum. Að fólk geti ekki rúllað plötunni í gegn áreynslulaust.“

Það var lagt upp með að gera poppplötu, er það ekki?

„Jú, en samt. Ég vona að við getum komið fólki á óvart með henni. Það er borgarflingur á henni. Okkur langaði til að gera plötu um örvæntingarfullt fólk í stórborg. Ef fólk hlustar á plötuna í heild sinni heyrir það að þetta er ekkert venjulegt poppband. Draumurinn er að vinna eftir allt öðru konsepti á næstu plötu. Við viljum fara lengra í öfunum. Að fólk geti ekki rúllað plötunni í gegn áreynslulaust.“

Sækja í bresk seventís-áhrif

Birgir á erfitt með að staðsetja Motion Boys á íslenska tónlistarlandakortinu. Dálítið eins og



HANG ON Fyrsta plata Motion Boys kemur út 9. október.

Geiri Sæm og Hunangstunglið, segi ég til að hjálpa honum, en hann hlær nú bara að svoléiðis samlíkingum.

„Hugurinn leitar sjálfkrafa til ákveðins áratugar af því við notum „syntha“ en sú samtenging er smám saman að hverfa,“ segir hann. „Að mínu mati eru miklu meiri seventís-áhrif heldur en eitís-áhrif hjá okkur. Við til-einkuðum okkur vinnubrögð sem voru við löði á þeim áratug. Auk Roxy Music eru T-Rex og Bowie miklir áhrifavaldar.“

Eina íslenska bandið sem er eitthvað líkt ykkur er Trabant, en ég segi það líklega bara vegna þess að Gísli Galdur og Þorvaldur Gröndal, nýráðinn bassaleikari Motion Boys, eru fyrrum Trabant meðlimir.

„Tja, platan þeirra Emotional er náttúrulega með því allra besta sem hefur komið hér út. Ég hef hlustað mikið á íslenska tónlist og er til dæmis mikill Spilverks-maður. En við erum aðallega að leita eitthvað annað en í íslensku poppsöguna, aðallega í eitthvert breskt dót. Við erum allir með svipuð viðmið. Við forunn-um þetta rosalega í stúdíóinu okkar en þegar við fórum í Gróðurhúsið að klára plötuna var aldrei rifist, enda hlustum við á sömu músik-ina og vorum samstilltir. Ég man bara eftir einu atviki þegar Tobbi, Bjóssi og Gísli sögðu þvert nei við mig. Þá var ég búinn að drekka ógeðslega mikið kaffi og dúndra í mig alltof miklu spírúlína og var orðinn alltof hæper. Þá fékk ég að ég hélt svaka fína hugmynd að bak-radda-slaufu og söng hana fyrir þá og lýsti henni með höndunum. Auðvitað fattaði ég svo að þetta var bara eitthvert R&B-drasl.“

Nú er platan að koma út, en hvað gerist svo?

„Að spila eins og við getum á Íslandi út þetta ár og leita að dreifingu úti. Svo langar okkur að byrja bara á næstu plötu og draum-urinn er að gera hana í Frakklandi. Það eru

góð rauðvín þar og ostar. Við þekkjum gaur sem gæti komið okkur að í kastala í Lyon. Það er spennandi að komast í nýtt umhverfi og jafnvel að setja okkur einhverjar grunnreglur. Það er spennandi að halda í einhver sér-kenni en samt á næsta plata að sánda ekkert eins og Motion Boys.“

Sefur bara aðeins minna

Birgir er búinn að vera í hljómsveitum frá 16 ára aldri. Hljómsveitin Byltan var efnileg og sendi frá sér lög en Motion Boys er fyrsta alvaran. Hann á tvo unga drengi með konunni sem hann segist „lifa í synd“ með. Er hann að standa sig á heimilinu standandi í hljómsveitarharkinu?

„Þetta er náttúrulega púsluspil,“ segir hann. „Maður þarf bara að sofa aðeins minna. Sem betur fer hef ég alltaf þurft að sofa mjög lítið, alveg síðan ég var strákur.“

Hvað erum við að tala um, þrjá tíma á sólarhring?

„Maður hefur alveg náð því, já. Og ég veit um fólk sem hefur náð að þjálfa sig niður í hálf tíma svefn á sólarhring. Konan hefur alveg skilning á þessu og styður mig mikið. Maður þarf að skvísa inn auka klukkutímum til að þetta gangi upp. Tónlistarstarfið fer oft mikið fram á nóttunni. Það væri upplagt ef maður gæti sinnt tónlistinni 9-5. Kannski verður það einhvern tíma þannig.“

Birgir vinnur meðal annars fyrir sér sem ljósmyndari og hefur ákveðnar hugmyndir um ljósmyndun almennings. „Maður á ekki að ofnota ljósmyndavélina,“ segir hann. „Mér finnst að góðir og fallegir hlutir eigi að lifa í minningunni. Fólk er alltaf að taka myndir af einhverju og smám saman ferðu bara að muna eftir því sem þú tókst mynd af. Barnið gerir eitthvað sniðugt og þú hugsar: ég verð að taka mynd af þessu. Svo ferðu að leita að vélinni og biður síðan barnið um að gera þetta aftur. Þú hefur tekið mynd af eftiröpun af augnablikinu. Í raun ættu fjölskyldur bara að taka eina svart-hvíta mynd af sér einu sinni á ári.“

Gerir þú það?

„Nei, ég er nú ekki alveg saklaus. Aðal-atríðið er að fólk noti myndavélina í hófi. Svo er til fólk sem tekur myndir og jafnvel vídeó í jarðarförum. Til hvers er það? Er það til að horfa á upptökuna og segja: „Vá, hvað hún Gunna átti nú erfitt og grét mikið?“ Stundum áttu bara að einbeita þér að atburðinum án þess að vera að taka alltof margar myndir af honum. Það er kannski skrítið af mér að tala svona, en ég er bara svona í mörgu.“

→ BIRGIR ÍSLEIFUR: BEST Í HEIMI

Besta platan? „Ég gæti sagt For Your Pleasure með Roxy Music, Exile On Mainstreet með Stones, Velvet Underground með samnefndri hljómsveit og Remain In the Light með Talking Heads. Þessu er samt ekki hægt að svara!“

Besta lagið? „Ég ætla að nefna eitthvað sem ég er sérstaklega að hlusta á þessa dagana.

„Mandolin Wind“ með Rod Stewart. Hann nær mér alltaf með falsettunni í lokin.“

Bestu tónleikarnir? „Mér dettur í hug að nefna Stereolab-tónleikana á Grandrokk.“

Besta bókin? „Meistarinn og Margaríta.“

Besta tímaritið? „Mér finnst tímarit aldrei alveg nógu og góð.“

Besta bíómyndin? „Johnny Suede.“

Besti veitingarstaðurinn? „Cazanove í Lyon.“

Besta tækíð? „Rafrænn rauðvínsflösku-opnari.“

Best í heimi? „Ég er með allt of mikinn valkvíða fyrir svona spurningar. Í alvörunni! Ég eyddi einu sinni þremur klukkutímum fyrir framan sælgætisstandana í Hagkaup. Síðan þegar ég kom á kassann var ég ekki einu sinni með veskið með mér.“

30-90% BÓKA LAGERSALE kl. 11-19 GARÐATORGI – GARÐABÆ DAGUR LOKADAGUR LOKADAGUR LOKADAGUR

**10%
aukaafsláttur**
á síðasta degi lagersölnunar

3.990 kr.
45% afsláttur

4.990 kr.
65% afsláttur

990 kr.
80% afsláttur

390 kr.
90% afsláttur

990 kr.
30% afsláttur

990 kr.
63% afsláttur

990 kr.
67% afsláttur

490 kr.
50% afsláttur

1.490 kr.
47% afsláttur

890 kr.
64% afsláttur

990 kr.
74% afsláttur

1.490 kr.
70% afsláttur

690 kr.
47% afsláttur

2.490 kr.
45% afsláttur

1.390 kr.
30% afsláttur

Birt með fyrirvara um prentvillur.

Allir sem versla fyrir meira en **8.000 krónur** fá að gjöf bækurnar *Veður og umhverfi*, í pýðingu Unnar Ólafsdóttur veðurfræðings, og *Ekkjuna* eftir Stephen King.

Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

Við rýmum fyrir jólabókunum — komdu og gerðu góð kaup



Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vináttu við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,
Kristjónu Þorsteinsdóttur,
Hrafnistu, Hafnarfirði.

Innilegt þakklæti til starfsfólks Hrafnistu í Hafnarfirði, fyrir einstaka umönnun og umhyggju við Kristjónu. Sérstakar þakkir viljum við fjölskyldan senda séra Ólafi Jóhanni Borgþórssyni fyrir hans umhyggju og hlýju við fjölskylduna.

Sigríður Ólafsdóttir Bjarni Bjarnason
Gerður Ólafsdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.



Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýbug við andlát og útför bróður okkar, mágs, og frænda,
Ísleifs H. Guðmundssonar,
Háaleitisbraut 123, Reykjavík,

sem jarðsunginn var frá Bústaðakirkju föstudaginn 19. september.

Jón Guðmundsson Renate Gudmundsson
Gunnar B. Guðmundsson
Guðmundur Chr. Jónsson
Juliane Gudmundsson



Hörður Karlsson,
Háaleitisbraut 109, Reykjavík,

lést að heimili sínu þriðjudaginn 30. september. Útför hans fer fram frá Grensáskirkju fimmtudaginn 9. október kl. 13.00.

Ingibjörg Sigrún Stefánsdóttir
Björg Harðardóttir Erpur Snær Hansen
Stefán Karl Harðarson
Úlfur Alexander Hansen
Eldur Antoníus Hansen
Sveinfríður Sigrún Stefánsdóttir



Hugheilar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu við andlát og útför elskulegrar eigin konu minnar, móðir okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,
Sigríðar Helgu Stefánsdóttur
Kópavogsbraut 83, Kópavogi.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á hjartadeild 14 G Landspítala við Hringbraut og á líknardeild Landakotsspítala fyrir góða umönnun og hlýhug.

Árni Jóhannesson
Svava Aðalsteinsdóttir
Lovísa Aðalsteinsdóttir
Guðlaug Jónína Aðalsteinsdóttir
Vernharður Aðalsteinsson
Alda Aðalsteinsdóttir
Aðalbjörg Lúthersdóttir
Halldóra Lúthersdóttir
Kristín S. Lúthersdóttir Bekkevold
Þorleif Lúthersdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

Einar L. Benediktsson
Sigurður Geirsson
Anna R. Jónatansdóttir
Ólafur G. Þórólfsson
Einar Jón Ólafsson
Valþór Söring Jónsson
Alf Bekkevold

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið
timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á
auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.



Innilegar þakkir færum við öllum þeim er sýndu okkur samúð, bluttekningu og hlýbug við andlát og útför föður okkar, tengdafaður, afa og bróður,
Jóhanns Ólafssonar Ríba
Kleppsvegi 48.

María Jóhannsdóttir Börkur Valdimarsson
Carmen Josefa Jóhannsdóttir
Íris Barkardóttir Róbert Barkarson
Hilmar Bendtsen
Pedro Ólafsson Ríba



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, stjúpfaðir, afi og langafi,
Ásgeir Sverrisson
hljómlistarmaður, Prestastíg 11, Reykjavík,

andaðist á líknardeild Landakots, laugardaginn 27. september. Útförin fer fram frá Langholtskirkju þriðjudaginn 7. október kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er vinsamlega bent á líknarstofnanir.

Sigríður Maggý Magnúsdóttir Marteinn Másson
Margrét Ásgeirsdóttir Vilborg Lofts
Ásgeir Ásgeirsson Helga Haraldsdóttir
Guðmundur Baldvinsson
barnabörn og barnabarnabarn.



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts ástkærrar dóttur okkar,
Kristínar Sigríðar Halldórsdóttur.

Sérstakar þakkir til starfsfólks líknardeildar Landspítalans í Kópavogi.

Kærleikskeiðja
Hanne Hintze Halldór Sigurðsson



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Ragnheiður K. Þorkelsdóttir
Sléttuvegi 19, Reykjavík,

sem andaðist á Landspítalanum við Hringbraut 26. september sl., verður jarðsugin frá Háteigskirkju mánudaginn 6. okt. og hefst athöfnin kl. 13.00.

Þorkell Helgason Björg R. Sigurðardóttir
Hrafnhildur Helgadóttir Sigurður Geirmundarson
Sigfús Jón Helgason Sólrún Sigurðardóttir
Helga Helgadóttir Júlíus Jónasson
ömmubörn og langömmubörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
Kristinn Ásgrímur Eyfjörð Antonsson
Stafnaseli 4, Reykjavík,

lést sunnudaginn 28. september á krabbameinsdeild 11E. Útför hans fer fram frá Seljakirkju mánudaginn 6. október kl. 13.00.

Hjördís Hjörleifsdóttir Elías Örn Óskarsson
Agnes Eyfjörð Kristinsdóttir Magnús Eiríksson
Ástþóra Kristinsdóttir Helga Sveinsdóttir
Anton Ásgrímur Kristinsson
Hjörleifur Kristinsson
Kristinn Ásgrímur Kristinsson Hrund Grétarsdóttir
Hulda Sjöfn Kristinsdóttir Jón Ólafur Jóhannesson
barnabörn, fjölskyldur og barnabarnabörn.

BRESKA LEIKKONAN KATE WINSLET ER 33 ÁRA Í DAG

„Ég vil miklu frekar vera þekkt sem íturvaxin Kate en sem einhver horaður tannstöngull.“

Kate Winslet hefur leikið í kvikmyndum á borð við Titanic þar sem hun lék á móti Leonardo De Caprio. Þar var hún gagnrýnd fyrir af mjúkar línur en hún blés á þær gagnrýnisráddir og hefur alltaf haldið því fram að hún sé eðlilega vaxin kona.



tímamót

timamot@frettabladid.is



LÍTID UM HEFÐBUNDIN PRESTSVERK Jón Ómar Gunnarsson verður æskulýðsprestur KFUM og K, yngstur presta landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

YNGSTI PRESTURINN: VÍGÐUR Í DAG

Skipt um gír eftir lögfræðina

Jón Ómar Gunnarsson verður vígður til prests í dag en hann verður þá yngsti prestur á Íslandi. Það liggur því beinast við að spyrja hann að aldri.

„Ég er 26 ára og útskrifaðist úr guðfræðinni í júní í sumar. Ég mun starfa sem æskulýðsprestur KFUM og K á Íslandi og Kristilegu skólahreyfingarinnar.“ Tímamótin leggjast vel í Jón Ómar en hann hefur unnið í æskulýðsstarfi KFUM og K undanfarið svo hann er ekki ókunnugur félaginu. Hann segir krakkana taka sér vel og hafi jafnvel gaman af því að fá ungan prest. Fyrsta verkefnið eftir vígsluna verður samnorðent stúdentamót í Vatnaskógi sem Jón hefur unnið að undirbúningi fyrir. En hvað kom til að Jón lærði til prests? „Það má segja að ég hafi tekið sinnaskiptum en ég var í lögfræði og var búinn með almennu lögfræðina þegar ég ákvað að skipta um gír. Ég held að þetta hafi verið köllun því ég fann það mjög sterkt að þetta ætti ég að gera, þó að mörgum hafi fundist þetta óskynsamleg skipti fyrst ég var búinn að púla í gegnum lögfræðina,“ segir hann hlæjandi. Hann bætir því við að hann hafi ekki fengið trúarlegra uppleidi en hver annar. „Ég var skírður og fermdur og sótti kirkju sem barn en hætti því svo á tímabili þegar ég var unglingur. Svo varð ákveðinn vendipunktur hjá mér þegar ég var sautján ára en þá stóð ég frammi fyrir því að ákveða hvort ég ætlaði að trúa eða hvort ég ætlaði að hafna því algerlega eins og svo margir félaganna. Ég fann það mjög sterkt að það hefði verið rangt að hafna trúnni.“

Vígslan fer fram í Dómkirkjunni í dag klukkan tvö en vígsluvottur við athöfnina verður Guðni Már Harðarson sem verður þá þriðji yngsti prestur landsins. „Við erum langyngstir. Hann er 28 ára og sá næstyngsti er 27. Það verður reyndar ekki mikið um hefðbundin prestsverk til að byrja með hjá mér eins og giftingar og skírnir en kannski þegar þau gifta sig, unga fólk.“

heida@frettabladid.is

LEGSTEINAR OG FYLGISHLUTIR

**Mikið úrval
Yfir 40 ára reynsla**
Sendum myndalista



MOSAİK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is



fjölskyldan

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FJÖLSKYLDUNA]
október 2008

ÍPRÓTTAÐKUN BARNNA

Aðalatriðið er
að hlusta á
börnin þegar
kemur að því
að velja íprótt-
grein til að æfa

AFÞREYING FYRIR LITLU KRÍLIN ■ HLUTVERK AFA OG ÖMMU ER MIKILVÆGT



Sigríður
Tómasdóttir
skrifar

TVÖ BÖRN

Þegar styttist í að litla dóttir mín kæmi í heiminn fyrir tæpu ári fór ég að hafa áhyggjur af drengnum mínum. Hann var þvítíkur kóngur í ríki sínu að ég var ekki viss um hvernig hann tæki lítilli prinsessu sem hann þyrfti að deila athygli og foreldrum með. Það er skemmst frá því að segja að þessar áhyggjur voru óþarfar. Sá stutti var spennur yfir því að von væri á fjölgun í fjölskyldunni og tók afar vel á móti litlu systur sinni.

Sem auðvitað var ekki til stórræðanna fyrstu vikur og mánuði eins og gengur með ungbörn sem sofa nær út í eitt og liggja þess á milli kyrr á sínum stað. En það breyttist auðvitað eftir nokkra mánuði og þegar sú litla var orðin hreyfanleg tók gamanið aðeins að kárna. Ekki það að sonurinn hafi ekki mikið yndi af því að leyfa litlunni að vera hjá sér þegar hann er að leika sér. Þar sem hann er mjög innlifaður í alls kyns hlutverkaleiki fær hún oft hlutverk, sem lítið ljón, bangsadrengur, Kárus, eða hvað sem leikið er í það og það skiptið.

Verra er að hún er ekki alveg jafn mikið með á nótunum í þessum leikjum og hlýðir ekki boðum hans um hvar hún á að sitja og standa. Enn síður kann hún við þegar hann er að hafa vit fyrir henni og rífur af henni dót sem skilgreint hefur verið sem hættulegt fyrir litla dömu. Þá lætur sú stutta í sér heyra svo um munar, eldri bróður sínum ekki alltaf til ánægju. Hún er heldur ekki alltaf jafnánægð með harkalegt knús frá stóra bróður sem stundum ruglast á þölmörkum hennar og bangsanna sem hægt er að þvælast um með og henda til og frá.

Drengurinn er nýtekinn upp á því að leika sér með bangsana sem hann á ansi mikið af en hefur sýnt lítinn áhuga á. Bílar, kubbar og dýr hafa verið miklu ofar á vinsældalistanum alveg síðan hann var litill. Nú lék okkur foreldrunum mikil forvitni á að vita hvort litlan myndi sýna „stelpulegri“ leikföngum áhuga eða bara sækja í það sama og stóri bróðir gerði á sínum tíma, og svo virðist vera. Mjúkir bangsar eru lítið spennandi, bílar meira spennandi en farsímar og fjarstýringar efstar á vinsældalistanum. Ég verð að viðurkenna að ég varð hálfþæginn þegar þetta kom í ljós, hefði þótt eitthvað súrt ef sú litla hefði bara viljað leika sér með dúkkur, þó að ég ætli síst að vera á móti dúkkuleikjum. Það er bara ágætt að hafa sem mesta fjölbreytni í dóti og leikjum.

Og auðvitað er sú litla afar hrifin af stóra bróður og ljómar sem sólin þegar hann kemur heim úr leikskólunum. Þakkaralætin í honum þykir henni fyndin og hún er meira að segja farin að herma eftir þeim og mynda hagsmunabandalag með stóra bróður gegn þreyttum foreldrum. Sem er frekar ógnvekjandi þó fyndið sé.

Fjölskyldan kemur út mánaðarlega með sunnudagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Sigríður Björg Tómasdóttir
Hönnun: Silja Ástþórsdóttir **Forsíðumynd:** Anton Brink **Pennar:** Hrefna Sigurjónsdóttir, Steinunn Stefánsdóttir **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Benedikt Jónsson benediktj@365.is



Notalegt hjá nöfnunum Amma Vala og Vala Birna eiga gæðastund á róló eftir vinnudag beggja.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Skemmtilegt hlutverk

Valgerður Magnúsdóttir sálfræðingur og Lone Jensen uppeldiráðgjafi eru báðar ömmur. Þær bjóða öfum og ömmum upp á fyrirlestur þar sem þær miðla af faglegri og persónulegri reynslu.

Afa- og ömmuhlutverkið er flestum afar kært. Oft koma barnabörnin í heiminn þegar ró er farin að færast yfir fólk og margir hafa á orði að þeir njóti þess að sumu leyti betur að eiga í samskiptum við barnabörn en þeir náðu að njóta sinna eigin barna.

„Við ætlum að láta þetta snúast um hlutverkin sem afinn og amman eru í gagnvart barnabörnunum. Þetta dýrmæta hlutverk,“ segir Valgerður um efni fyrirlestra þeirra Lone. Einnig ætla þær að koma inn á uppeldisreglur og uppeldistækni. „Okkar skoðun er að afi og amma geri sér lífið mun auðveldara með því að nota svona aðferðir og vera í takti við foreldrana.“ Í fyrirlestri sínum bjóða þær sömuleiðis upp á ákveðnar stefnu- mótunarhugmyndir. „Við horfum á þetta í ljósi alls konar góðra hugmynda sem samtíminn leggur okkur til.“

Valgerður og Lone hafa þekkt lengi en aldrei unnið saman fyrr en í þessu verkefni. „Við erum með hálfgerða ömmu- dellu,“ segir Valgerður og hlær. „Við höfum báðar velt þessu hlutverki mikið


fyrir okkur og það er langt síðan við fórum fyrst að ræða um það. Við erum báðar uppeldismenntaðar báðar með skýra sýn á hvaða möguleika maður á í hlutverkinu.“ Báðar eiga myndarlegan hóp barnabarna og í þeim hópi er mikil breidd, svo sem stjúp barnabarn, sum þeirra búa langt í burtu og önnur nálægt, og einnig eru í hópnum tvíburar.

Unga fólkið er að gera margt í einu. Það er að mennta sig og koma undir sig fótunum. Afi og amma hafa oft rýmri tíma vegna þess að þau eru ekki í burðar- hlutverkinu sem uppalandur. „Þetta er að vissu leyti sparihlutverk sem maður gengur inn í þegar maður vill. Flestir eru að minnsta kosti í þeirri stöðu og eiga þess þá kost að gefa mikið í það. Maður getur þreytt sig til húðar af því að maður fær að hvíla sig á eftir.“ Valgerður mælir með því að ömmur og afar geri með barnabörnunum hluti sem þau hafi sjálf gaman af. „Svo prófum við á þeim hvort þau hafi ánægju af því líka og veljum smám saman það sem við finnum að öllum finnst gaman.“

Flestin þróa með sér ákveðið hlutverk í samskiptunum við barnabörnin, kennarahlutverk, hlustandahlutverk, stuðningshlutverk við eitthvað sérstakt, til dæmis tilteknar tómstundir sem hægt er að fylgja börnunum í og jafnvel kosta þær. „Eitt af því sem fólk verður stundum mjög upptekið af er að gera jafnt fyrir alla. Þetta er auðvitað góð hugsun en getur gert okkur erfitt fyrir, til dæmis ef þarfir barnabarnanna eru mismunandi. Ef um er að ræða fatlað eða langveikt barn liggur beint við að stuðnings- hlutverkið verður meira og engum dettur í hug að agnúast út í það en þarfirnar geta líka verið mismunandi af öðrum ástæðum og þá er mikilvægt að það sé rætt opinskátt því í slíkum tilvikum getur hlutverkið einmitt falist í að jafna, ekki að mismuna.“

Valgerður og Lone fóru af stað með fræðslufni um hlutverk afa og ömmu sem hálf dags námskeið. Það hefur þróað út í stutta fyrirlestur og samræður fyrir ýmsa hópa, til dæmis á vinnu- stöðum og leikskólum.

- ss



**Gullfalleg
sængurverasett
aldrei meira úrval**



Skólavörðustíg 21 • Sími - 551 4050 • Reykjavík



BARNVÆNT

Kjarvalsstaðir Kaffi- og menningarþurfi foreldrar eru vel settir ef stefnan er tekin á Kjarvalsstaði með fjölskylduna um helgar. Þægilegt er að rólta um safnið með börn við hönd og þar er yfirleitt hluti sýninganna settur upp með börn í huga. Í kaffiteriunni eru leikföng sem þau litlu geta dundað sér við sem er ómetanlegt þegar foreldrar vilja pústa að lokinni menningarneyslu. Ekki spillir að nóg er plássíð, auðvelt að koma fyrir barnastólum og vinahópar með börn geta skotið saman nokkrum borðum. Veröndin fyrir framan kaffiteriuna er svo afar rúmgóð fyrir vagna og auðvelt að leggja þeim nokkrum þar í auglýsni foreldra en sú er ekki raunin með mörg kaffihús.

Núna stendur yfir sýning á verkum Braga Ásgeirssonar og í norðursal safnsins hefur verið komið fyrir úrklippum úr lífi Braga og verk hans hengd í loftið. Þar gefst gestum kostur á að leggja á bekk eða í gólfíð og er ætlunin sú að sameina börn og fullorðna í því að njóta verka listamannsins frá óvenjulegu sjónarhorni.

Að heimsókn lokinni er tilvalið að kíkja í leiktækin á Miklatúni eða sparka í bolta á túninu sem getur verið kærkomin tilbreyting eftir inniveru.





PIPAR • S/A • 81894



Sjávarréttir

Á nýja sjávarréttamatseðlinum okkar er blanda af nýjum og klassískum sjávarréttum. Girnilegir réttir þar sem allir finna eitthvað við sitt hæfi. Kynntu þér málið á www.rubytuesday.is

Skipholti 19 • Höfðabakki 9
Opið: Sun - fim: 11-22 • Fös - lau: 11-23



RubyTuesday
BRAGÐGÓÐ SKEMMTUN



BADMINTON Badminton er sérdeilis skemmtileg íþrótt fyrir þör eða vini. Þótt ekki sé verra að kunna eitthvað fyrir sér þá geta byrjendur skemmt sér konunglega í lauflettum badmintonleik. Hjá TBR er hægt að leigja völl, bæði yfir allan veturinn og einnig eitt skipti í einu. Þar má einnig leigja spaða og kaupa tíma hjá þjálfara ef metnaðurinn eykst.

Aðalatriðið að hlusta á börnin

Íþróttaiðkun barna hefur löngum verið talin af hinu góða og sýnt er að hún hefur forvarnargildi. Hins vegar er stundaskrá margra þéttskipuð og gæta ber þess að ofgera ekki ungum sálum.

Sýnt hefur verið fram á að íþróttaiðkun barna og unglinga hefur forvarnargildi. Hins vegar má ekki gleyma því að hið sama má segja um allt skulagat tólmstunda- og æskulýðsstarf. Þar fá börn tækifæri til að efla sjálfsmynd sína og félagslega stöðu með því að sinna hugðarefnum og rækta hæfileika. Það er þó mjög einstaklingsbundið hvað berir hverjum og einum og gæta þar þess að álagið verði ekki of mikið.

Hinn gullni meðalvegur

Markmiðið með íþróttaiðkun barna er að styrkja þau jafnt líkamlega sem andlega. Til að ná því markmiði er nauðsynlegt að barnið sé í jafnvægi og ráði við þau verkefni sem það hefur. Mikill áróður hefur verið fyrir aukinni hreyfingu barna og unglinga í því augnamiði að auka heilbrigði þeirra, koma í veg fyrir offitu sem og að vinna að forvarnarstarfi.

„Þátttaka í góðu frístundastarfi styrkir börn og hafa bæði íslenskar og erlendar rannsóknir sýnt fram á það. Það er þó alltaf erfið að alhæfa en almennt séð er ekki óeðlilegt að barn sinni einhvers konar frístundaðöju þar sem það ræktar áhugasvið sitt og sérgáfu og þar sem það tekst á við verkefni sem styrkja sjálfsmynd og félagsþroska,“ segir Gísli Á. Eggertsson, skrifstofustjóri ÍTR, og bætir við: „Barn sem er í eðlilegum aðstæðum nýtur góðs af því að taka þátt í uppbyggilegu frístundastarfi og sem dæmi má nefna bandaríska rannsókn sem sýnir að allt að fimm sinnum í viku hefur mjög styrkjandi áhrif

en allt þar yfir fer að vinna gegn barninu.“ Ingólfur Einarsson barnalæknir tekur í sama streng og segir að þrisvar til fimm sinnum í viku sé ágætis viðmið af hæfilega álagstengdri íþrótt en meira en það sé of mikið. „Það hversu mikið barnslíkaminn þolir er mjög einstaklingsbundið en í raun ættu öll börn að þola fjölbreytta hreyfingu á hverjum degi. Dagleg hreyfing er í raun æskileg“ segir hann

Mestu máli skiptir að fylgjast vel með barninu og líðan þess en foreldrar bera ætíð ábyrgð á því að barnið sé ekki að ofkefja sig. Auk þess er það af hinu góða að foreldrar sýni tómstundum barnsins áhuga og séu þátttakendur í lífi þess. „Ein mikilvægasta forvörnin gegn vímuefnum og hegðunarvanda er að fólk þekki börn sín. Þá á ég við að foreldrar þekki vini barnanna, þekki leikina, þekki tölvuleikina og þekki í raun þann heim sem barnið lifir í,“ segir dr. Urður Njarðvík, barnasálfræðingur.

Streitueinkenni barna

Begar börn finna fyrir streitu átta þau sig sjaldnast á því. Börn geta sýnt andleg og líkamleg einkenni ofkeysrslu og það getur gerst á stuttum tíma. Þá skiptir máli að foreldrar gripi inn í „Ef þú þyrir barn upp undir tíu og tólf ára hvort það sé kvíðið þá veit það ekki hvað þú ert að tala um. Foreldrar verða



ÞAÐ HVERSU MIKIÐ barnslíkaminn þolir er mjög einstaklingsbundið en í raun ættu öll börn að þola fjölbreytta hreyfingu á hverjum degi.

ad reyna að átta sig á hvort eitt- hvað sé að," segir Urður og nefnir einkenni eins og aukna þreytu og að börn séu uppstökkari og pirraðri. „Gott er að setjast niður og fara yfir stundaskrá barnsins og athuga hvort það sé einhvers stað- ar hægt að hlíða til. Stundum eru börn í tveimur til þremur íþrótta-

greinum og að læra á hljóðfæri, heimanámið bætist síðan við. Þetta getur orðið of mikið en þá þarf að endurskoða hlutina og tryggja að barnið hafi tíma fyrir frjálsan leik og hvíld.“

Ingólfur nefnir breytingu á hegðun, mótþróa og hegðunar-

ERSU MIKIÐ barnslíkam-
er mjög einstaklingsbund-
un ættu öll börn að þola fjöl-
reyfingu á hverjum degi.

örðugleika þar sem barnið er kannski að mótmæla of miklu álagi á óbeinan hátt. „Það gætu komið fram breytingar á svefnmynstri eins og til dæmis þegar börn eiga erfitt með að festa svefn á kvöldin vegna kvíða fyrir komandi degi,“ útskýrir hann. Gísli segir að þegar grunur leikur á að



Fjör í Hofsstaðaskóla.
Mikilvægt er að hreyfing barna sé fjölbreytt og efli sjálfsmynd og félagslega stöðu barnsins.

að fá tíma fyrir hinn frjálsa leik.“

Hinn frjálsi leikur

Viðmælendur voru sammála um mikilvægi hins frjálsa leiks, þar sem leikurinn er algjörlega sjálfsprottinn og barnið er á sínum eigin forsendum. „Það er mikilvægt að barnið eigi frídaga þar sem ekki þarf að mæta einhvers staðar. Hinn frjálsi leikur er nauðsynlegur fyrir líðan barnsins, persónuleikabroska og geðheilsu,“ segir Urður og bendir á að sá frjálsi tími hafi minnkað. Skóla-dagurinn er orðinn lengri og með tilkomu tómtundaheimila eru börn oft í stýrðu umhverfi.

Ingólfrur bendir á að æskilegt væri að auka hreyfipjálfun á skólatíma: „Það er verið að færa þessar æfingar og þjálfun seint fram á daginn og dagurinn er nógu langur með skóla, heimanámi og slíku. Íþrótafélögin mættu vera meira tengd inn í skólastarfið. Með því að færa æfingar inn á

Grunnskóli Seltjarnarness Mýrarhúsaskóli – Valhúsaskóli

Eftirfarandi störf eru laus til umsóknar

Skólaritari í fullt starf. Þarf að geta byrjað sem fyrst.

Upplýsingar veita Guðlaug Sturlaugsdóttir, gustur@seltjarnarnes.is og Baldur Pálsson, baldur@seltjarnarnes.is, sími 5959250.

Stuðningsfulltrúi á yngsta- og miðstigi.

Upplýsingar/umsókn: Edda Óskarsdóttir deildarstjóri sérkennslu, eddao@seltjarnarnes.is, sími 5959200

Á Seltjarnarnesi eru um 640 nemendur í heildstæðum grunnskóla. Skólinn er rekinn í tveimur starfstöðvum; Mýrarhúsaskóla fyrir nemendur í 1. - 6. bekk og Valhúsaskóla fyrir nemendur í 7. - 10. bekk.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags.

SELTJARNARNESBÆR
Skólaskrifstofa

www.grunnskoli.is



Ævintýri alla daga

Leikskólinn Klettaborg óskar eftir að ráða yfirmann í eldhús.

Um er að ræða 100% stöðu.

Klettaborg er fjögurra deilda leikskóli í Dyrhómrúm 5. Í leikskólanum eru 82 börn og 23 starfsmenn. Lögð er áhersla á hollan og heimilislegan mat.

Verið velkomin í heimsókn í Klettaborg eða hafið samband við Lilju Eyþórsdóttir, leikskólastjóra í sínum 567-5970 og 693-9884 eða á netfanginu klettaborg@leikskolar.is Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á www.reykjavik.is/storf

Við leitum að fólki á öllum aldri, af báðum kynjum, með margs konar reynslu og bakgrunn.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.



Reykjavíkurborg
Leikskólasvið

www.leikskolar.is



EGILSHÖLL
SAMBÍÓIN

ÓSKA EFTIR STARFSFÓLKI



Í nóvember næstkomandi munu sambíóin opna glæsilegasta kvikmyndahús landsins af því tilefni vantar okkur hörkuduglegt starfsfólk í eftirtalin störf:

- afgreiðsla á miðum / sælgæti
- dyravörslu
- starf sýningarstjóra

Umsóknir sendist á einar@samfilm.is



Reykjavíkurborg
Skrifstofa borgarstjóra

Fjármálastjóri Reykjavíkurborgar

Borgarstjórinn í Reykjavík auglýsir stöðu fjármálastjóra lausa til umsóknar

Hlutverk og ábyrgðarsvið:

Fjármálastjóri er einn af æðstu embættismönnum Reykjavíkurborgar. Hann hefur yfirumsjón og eftirlit með að stefnu og áherslu borgaryfirvalda um hagkvæmni í rekstri og aðhald í fjármálastjórnun sé fylgt. Fjármálastjóri hefur upplýsinga- og frumkvæðisskyldu gagnvart borgarstjóra og á náð samstarf við aðra stjórnendur Reykjavíkurborgar, sem og kjörna fulltrúa. Undir fjármálastjóra heyrir fjármálaskrifstofa sem hefur umsjón með áætlanagerð, reikningshaldi og fjárreiðum Reykjavíkurborgar.

Borgarstjóri er yfirmaður fjármálastjóra. Um laun og starfskjör fjármálastjóra fer samkvæmt reglum um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg og ákvörðun kjaranefndar Reykjavíkurborgar.

Umsóknir skal færa inn á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf fyrir 18. október nk.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Upplýsingar um starfið veitir Regina Ásvaldsdóttir skrifstofustjóri borgarstjóra í síma 411 4500, regina.asvaldsdottir@reykjavik.is.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi nauðsynleg. Framhaldsmenntun á háskólastigi æskileg.
- Reynsla af fjármálastjórnun, þ.m.t. áætlanagerð og reikningsskilum.
- Þekking og reynsla af stjórnun, stefnumótun, rekstri og mannaforráðum.
- Leiðtogahæfileikar, skipulagshæfni og frumkvæði.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund.
- Hæfni til að koma fram og tjá sig í ræðu og riti á íslensku, ensku og einu norrænu tungumáli.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



LANDSPÍTALI
HÍSLANDS-
SPÍTALI

Sérfræðilæknir - vímuefnadeild

Starf sérfræðilæknis á vímuefnadeild er laust til umsóknar. Starfshlutfall er 80-100% eftir samkomulagi. Starfið veitist frá 1. nóvember 2008 eða eftir nánara samkomulagi. Umsækjendur skulu hafa sérfræðiviðurkenningu í geðlækningum en einnig kemur til greina sérfræðiviðurkenning í heimilis- eða lyflækningum. Á vímuefnadeildinni eru reknar þrjár einingar, afeitrunardeild, dagdeild og göngudeild. Reynsla af meðhöndlun vímuefnaraskana er æskileg. Auk klínískra starfa taka sérfræðilæknarnir þátt í kennslu og vísindavinnu á deildinni og því er reynsla á því sviði æskileg.

Umsóknargögn berist í tvíriti fyrir 20. október 2008 til Andrésar Magnússonar, yfirlæknis, 32E, geðdeildarbyggingu við Hringbraut, netfang andresm@landspitali.is og veitir hann nánari upplýsingar í síma 543 1000 eða 543 4077.

Mat stöðunefndar byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið einnig á þeim.

Laun eru skv. kjarasamningi sjúkrahúslækna. Starfið er bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2. maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006. Hægt er að nálgast umsókn um lækningaleyfi eða læknisstöðu á heimasíðu LSH. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Landspítali er reyklaus vinnustaður



ÍSOR
ÍSLENSKAR ORKURANNSÓKNIR
ICELAND GEOSURVEY

Orkugarður • Grensásvegi 9 • 108 Reykjavík • Sími 528 1500 • Fax 528 1699 • isor@isor.is • www.isor.is

ÍSOR er eitt stærsta og öflugasta fyrirtæki heims í rannsóknum og jarðvísindabjónustu við jarðhitaiðnaðinn og nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar sem slíkt.

ÍSOR og forverar þeirra hafa í 60 ár verið meðal leiðandi aðila í þróun þeirrar tækni sem gert hefur Ísland að einu fremsta ríki heims í nýtingu jarðhita og útvegað Íslendingum orku á mun lægra verði en hægt hefði verið með öðrum orkugjöfum.

ÍSOR stundar margvíslegar þverfaglegar rannsóknir og veitir þjónustu og ráðgjöf á sviði jarðhita og jarðvísinda og annast kennslu í jarðhitafræðum.

Starfsmenn eru nú um 90 af 6 þjóðernum.

Aðalstöðvar ÍSOR eru í Reykjavík en jafnframt er rekið útibú á Akureyri.

Jarðfræðingar við borholurannsóknir

Um er að ræða vinnu við rannsóknir á jarðlögum í borholum viðs vegar um land, einkum háhitaholum. Starfið felur m.a. í sér jarðfræðiráðgjöf á borstað, greiningu á borsvarfi og annarra gagna á borstað, túlkun og frágang þeirra í gagnagrunn og ráðgjöf um framkvæmd borana. Fastur vinnustaður getur hvort sem er verið í Reykjavík eða á Akureyri. Starfið felur í sér talsverða vinnu utanþæjar, langan vinnudag á köflum og tímabundna vaktavinnu.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- BS-próf eða hærri gráða í jarðfræði, helst með áherslu á bergfræði.
- Frumkvæði, reglusemi, skipuleg og öguð vinnubrögð.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.
- Gott vald á íslensku, bæði í ræðu og riti.

Nánari upplýsingar veita Ingibjörg Kaldal, deildarstjóri jarðfræðideildar, (ik@isor.is) eða Hjalti Franzson, fagstjóri í borholujarðfræði, (hfr@isor.is).

Upphaf starfs er samningsatriði en æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Félags íslenskra náttúrufræðinga við fjármálaráðuneytið og ÍSOR.

Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil þurfa að berast Guðnýju Þórsdóttur, starfsmannastjóra ÍSOR, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík, gudny@isor.is, eigi síðar en 27. október 2008. Öllum umsóknum verður svarað.

Bílaspítalinn

leitar að...

Starfsmanni í almennar bílaviðgerðir.

Starfssvið: Almennar bifreiðaviðgerðir

Hæfniskröfur:

- Reynsla í bifreiðaviðgerðum
- Lipurð mannlegum samskiptum
- Geta unnið sjálfstætt
- Stundvísi
- Góður liðsmaður

Starfsmanni í tónaviðgerðir á bílum.

Starfssvið: Almennar tónaviðgerðir

Hæfniskröfur:

- Iðnmenntun í bílgreinum
- Þekking á CABAS
- Lipurð mannlegum samskiptum
- Geta unnið sjálfstætt
- Stundvísi
- Góður liðsmaður

Umsækjendur verða að geta hafið störf sem allra fyrst. Áhugasömum er bent á að senda greinargóðar upplýsingar um menntun og fyrri störf til B&L, annað hvort í pósti eða tölvupósti á netfangið bjarnib@bl.is. Umsóknir þurfa að berast fyrir **13. október nk.** (Umsækjendum er heitið fullum trúnaði og verður öllum starfsumsóknnum svarað.)



Með bílinn handa þér

B&L Bílaspítalinn ehf., Kaplastrauni 1, 220 Hafnarfjörður, sími 565 4332 / 555 4332. bilaspitalinn@bilaspitalinn.is

GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar www.capacent.is



Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Byggingafélag
námsmanna

Byggingafélag námsmanna ses.
auglýsir eftir starfsfólki.

Bókhalds- og innheimtufulltrúi

Starfssvið:

- Framkvæmdastjóra til aðstoðar við daglegan rekstur og áætlanagerð
- Bókun reikninga og ábyrgð á færslu bókhalds í DK bókhaldskerfi
- Umsjón með innheimtu leigu og útgáfu greiðsluseðla
- VSK skilagreinar
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla og þekking á bókhaldi
- Yfirgripsmikil þekking á Office forritum
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð samskiptahæfni
- Fagleg og metnaðarfull vinnubrögð
- Háskólamenntun á sviði viðskipta æskileg
FÓTBOLTI Jónas Guðni Sævarsson, fyrirlíði KR, var að vinna sinn þriðja bikarmeistaratitil í gær en hann varð bikarmeistari með Keflavík árin 2004 og 2006.

„Ég vann bikarmeistaratitlinn alltaf á tveggja ára fresti, árin 2004, 2006 og 2008, þannig að ég vann bikarinn aftur árið 2010,” segir Jónas Guðni sigurreifur.

„Það er frábært að enda sumarið með þessum hætti og vera taplausir í níu síðustu leikjum okkar og landa titli. Maður getur ekki verið annað en ánægður með þetta sumar þó svo að við hefðum vissulega viljað vera nær toppnum í deildinni. Ég líft í raun og veru á þetta sem frábært sumar með bikarmeistaratitlinum. Það er bara þannig,” segir Jónas Guðni.

- óþ



ÁTÖK Fjölnismaðurinn Pétur Georg Markan reynir að stöðva KR-inginn Gunnar Örn Jónsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Pétur Georg Markan, Fjölni: Allir reyndu að gera sitt besta

FÓTBOLTI „Leikurinn var bara mjög jafn, eins og reyndar allar viðureignir liðanna í sumar og það var því svo sem vítað fyrirfram að þetta yrði bara stál í stál. Lítið var um færi og það er því óhugnanlega svekkjandi að við höfum þurft að sjá um að skora sigurmarkið fyrir þá og mér fannst ekki vera neinn meistarabragur yfir þessu hjá þeim,” segir Pétur Georg Markan, sóknarmaður Fjölnis, svekkur í leikslok.

„Þetta er í annað árið í röð sem við fórum í þennan bikarúrslitaleik og við vorum kannski frekar lítillátir í fyrra en nú vildum við bara vinna og ekkert annað. Það er því erfitt að vera eitthvað að stæra sig af því að hafa farið tvisvar í bikarúrslitaleik og tapa í bæði skiptin. Það er ómurlægt. Það er samt vissulega erfitt að segja eitthvað þegar allir eru að reyna sitt besta. Þá er þetta bara spurning um hvort þetta fellur þín megin eða ekki og þetta féll með KR í þessum leik.“

- óþ

FÓTBOLTI KR varð í gær bikarmeistari karla í ellefta sinn í sögu félagsins en Vesturbæjarstórveldið hefur unnið bikarinn oftast allra félaga á Íslandi. Logi Ólafsson, þjálfari KR, var brosmildur í leikslok eftir erfiðan úrslitaleik.

„Þetta var eins og við var að búast, erfiður leikur fyrir okkur. Við vissum að Fjölnismenn myndu liggja aftarlega á vellinum og reyna að beita skyndisóknum og við ætluðum að koma í veg fyrir það. Við pressuðum þá framarlega og reyndum þannig í veg fyrir að þeir næðu góðum sendingum fram völinn. Það gekk ágætlega upp og þeir fengu ekki mörg færi. Að sama skapi gekk okkur erfiðlega að komast í færi vegna þess hve aftarlega þeir lágu og það var því kærkomið að fá þetta mark í lokin. Sigurinn skrifast klárlega á liðsheldina og eljuna sem við sýndum,” segir Logi.

Leikurinn fór vægast sagt rólega af stað í gær og var tíðindalítil á upphafsmínútunum. Það var meira líf með KR-ingum eftir því sem liða tók á fyrri hálfleikinn á meðan Fjölnismenn lágu til baka og reyndu að beita skyndisóknum. En bæði lið áttu það sameiginlegt að þeim gekk illa að reka smiðshöggjö á sóknarlotur sínar. Sóknaraðgerðir beggja liða voru á stundum efnilegar en þegar kom að því að taka síðustu sendinguna, var hún oftast nær alveg glæpsamlega léleg og



SIGURÓSKUR KR-ingar fögnuðu að vonum gríðarlega á Laugardalsvöllum í gær. Á myndinni má sjá frá vinstri Grétar Sigfinni Siguðarson, Jónas Guðna Sævarsson og Gunnlaug Jónsson í sigurvímum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

lítið sem ekkert reyndi á markverðina, Þórð og Stefán Loga.

Stuðningsmenn liðanna létu tilþrifaleyssið þó ekki á sig fá og héldu uppi frábærri stemningu í stúkunn.

Vallaraðstæður voru vissulega ekki eins og best verður á kosið og Laugardalsvöllurinn var reyndar ekki í leikhæfu ástandi í gær-

morgun fyrir leikinn. En hvort sem það hefur haft áhrif á spilamennsku liðanna eða ekki þá var fátt sem gladdi augað í fyrri hálfleik og staðan markalaus þegar hálfleiksflautan gall.

KR-ingar byrjuðu seinni hálfleikinn betur og á 53. mínútu áttu Gunnar Örn Jónsson og Björgólfur Takefusa skemmtilegt þríhyrnings-



STEMNING Það var sannarlega frábær stemning í stúkunni og áhorfendur létu vel í sér heyra.



Á FLUGI Logi Ólafsson, þjálfari KR, var tolleraður í leikslok í gær.

Spútniklið Fjölnis þurfti að sætta sig við silfur, annað árið í röð, eftir tap gegn KR í úrslitaleik VISA-bikarsins:

Skelfilegt að tapa með þessum hætti

FÓTBOLTI Þjálfarinn Ásmundur Arnarsson hjá Fjölni, sem hefur gert frábæra hluti með Grafarvogsfélagið á undanföllum árum, var eðlilega svekkur í leikslok í gær. Ásmundur var tiltölulega sáttur með spilamennsku Fjölnis í fyrri hálfleik en allt annað en sáttur með seinni hálfleikinn hjá sínum mönnum.

„Við lögðum leikinn upp með að spila agaðan varnarleik og að keyra svo á þá eins mikið og tækifæri gáfu til og mér fannst við gera það ágætlega í fyrri hálfleik. Þá náðum við að skapa okkur nokkur færi sem hefðu getað skilað einhverju en síðasta sendingin klikkaði þá gjarnan. Í seinni hálfleik náðum við að mér fannst aldrei almennilegum takti við leikinn og vorum nánast bara í vörn og í einhverjum eltingarleik,” segir Ásmundur.

Fjölnismenn töpuðu einnig bikarúrslitaleiknum í fyrra, þá eftir framlengdan úrslitaleik gegn FH, og það eykur ef eitthvað er á vonbrigðin með að hafa tapað nú gegn KR með marki á 89. mínútu.

„Það er alltaf leiðinlegt að fá á sig mark á lokamínútunum og það er skelfilegt að tapa með þeim hætti. En það er bara svona, óneitanlega súrt í broti en við getum náttúrulega verið sáttir með sumarið í heild sinni. Það er bara dálítið erfitt að sjá það núna því við ætluðum að vinna bikarinn og það er fúlt að fá silfrið aftur,” segir Ásmundur.

- óþ

SVEKKTUR Ásmundur Arnarsson, þjálfari Fjölnis, var eðlilega súr eftir svekkjandi tap gegn KR í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR





Iceland Express



Í DAG KL. 13:45

MAN. CITY LIVERPOOL



Í DAG

KL. 12:25 West Ham – Bolton
KL. 13:45 Man. City – Liverpool
KL. 13:55 Chelsea – Aston Villa
KL. 13:55 Tottenham – Hull City
KL. 13:55 Portsmouth – Stoke
KL. 14:55 Everton – Newcastle
KL. 19:10 4 4 2 með Guðna Bergs



enski boltinn

ÚRSLIT	
Enska úrvalsdeildin	
Sunderland-Arsenal	1-1
1-0 Grant Leadbitter (86.), 1-1 Cesc Fabregas (90.).	
WBA-Fulham	1-0
1-0 Roman Bednar (61.).	
Wigan-Middlesbrough	0-1
0-1 Jeremie Alladiere (89.).	
Blackburn-Man. Utd	0-2
0-1 Wes Brown (31.), 0-2 Wayne Rooney (64.).	
Enska b-deildin	
Reading-Burnley	3-1
1-0 Noel Hunt (4.), 2-0 Stephen Hunt (52.), 3-0 Shane Long (64.), 3-1 Chris McCann (89.). Ívar Ingimarsson og Brynjar Björn Gunnarsson léku allan leikinn fyrir Reading og Jóhannes Karl Guðjónsson lék allan leikinn með Burnley.	
Coventry-Southampton	4-1
1-0 Jay Tabb (19.), 2-0 Leon McKenzie (33.), 3-0 Leon Best (47.), 3-1 Andrew Surman (63.), 4-1 Jay Tabb (87.). Aron Einar Gunnarsson lék allan leikinn með Coventry.	
Skoska úrvalsdeildin	
Hearts-Kilmarnock	1-2
0-1 Mehdi Taoull (19.), 1-1 Laryea Kingston (34.), 1-2 Craig Bryson (82.). Eggert Gunnþór Jónsson lék ekki með Hearts.	
Spænska úrvalsdeildin	
Barcelona-Atletico Madrid	6-1
1-0 Rafael Marquez (3.), 2-0 Samuel Eto'o (6.), 3-0 Lionel Messi (9.), 3-1 Rodriguez Maxi (13.), 4-1 Samuel Eto'o (18.), 5-1 Eiður Smári Guðjohnsen (28.), 6-1 Thierry Henry (73.).	
Ítalska úrvalsdeildin	
Inter-Bologna	2-1
1-0 Zlatan Ibrahimovic (25.), 2-0 Adriano (50.), 2-1 Vangelis Moras (56.).	
N1-deild kvenna í handbolta	
Valur-Fram	22-21 (12-11)
Mörk Vals (skot): Mörk Vals: Ágústa Edda Björnsdóttir 7/3 (9/3), Dagný Skúladóttir 4 (6), Eva Barna 4 (5), Hildigunnur Einarsdóttir 2 (2), Íris Ásta Pétursdóttir 2 (2), Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 2 (14), Kristín Guðmundsdóttir 1 (3), Arna Grímsdóttir (1)	
Varin skot: Berglind Íris Hansdóttir 17 (38/44,7%)	
Hraðaupphlaup: 6 (Dagný 2, Eva 2, Ágústa, Kristín)	
Fiskuð víti: 3 (Hildigunnur, Hafrún, Dagný)	
Utan vallar: 12 mínútur	
Mörk Fram: Sigurbjörg Jóhannsdóttir 10/4 (18/4), Pavla Nevarilova 4 (4), Stella Sigurðardóttir 4 (7), Marthe Sördal 2 (3), Þórey Rósa Stefánsdóttir 1 (3), Sara Sigurðardóttir (1), Karen Knútsdóttir (3/1), Ásta Birna Gunnarsdóttir (5)	
Varin skot: Gabriela Cristescu 15 (36/2 41,7%), Sunneva Einarsdóttir (1/1)	
Hraðaupphlaup: 5 (Pavla 2, Sigurbjörg 2, Marthe)	
Fiskuð víti: 5 (Ásta 2, Karen, Sigurbjörg, Pavla)	
Utan vallar: 6 mínútur	
HK-Haukar	29-35
Fylkir-FH	23-28
Grótta-Stjarnan	18-28

Fabregas bjargaði stigi fyrir Arsenal

Stórliðin Arsenal og Manchester United voru í eldlínunni í ensku úrvalsdeildinni í gær. Arsenal mistókst að komast á topp deildarinnar og varð að sætta sig við jafntefli við Sunderland á meðan Englandismeistarar Manchester United áttu ekki í miklum erfiðleikum gegn Paul Ince og lærisveinum hans í Blackburn.

FÓTBOLTI Fjórir leikir fóru fram í ensku úrvalsdeildinni í gær þar sem hæst bar að Sunderland gerði jafntefli við Arsenal og Manchester United vann Blackburn.

Arsenal hefði getað skotist á topp deildarinnar með sigri gegn Sunderland á útivelli en jafntefli var niðurstaðan. Sunderland lék stífan varnarleik og reyndi að sækja hratt á Arsenal-vörnina þegar tækifæri gafst og það gekk bara nokkuð vel hjá knattspyrnu-stjóranum Roy Keane.

Arsenal var miklu meira með boltann en náði ekki að opna vörn andstæðinganna með jafn beinskeyttum hætti og oft áður.

Það þurfti einhverja snilld til þess að brjóta leik liðanna upp og hún kom ef til vill úr frekar óvæntri átt þar sem Sunderland-maðurinn Grant Leadbitter tók sig til rétt utan teigs og þrumaði boltanum efst í markhornið á Arsenal-markinu.

Cesc Fabregas var þó ekki tilbúinn að jata sig sigraðan og jafnaði leikinn í blálokin með góðu skallamarki og niðurstaðan jafntefli.

„Sunderland spilaði stífan varnarleik í níutíu mínútur og þetta var leikur sóknar á móti vörn allan tímann. Við vorum því miður ekki nógu ákveðnir til þess að bera sigur úr þytum,“ segir Arsene Wenger í leikslok.

Keane viðurkenndi að Sunderland hafi lagt höfuðáherslu á varnarleikinn og útskýrði ástæðuna fyrir því í leikslok.

„Ef ég hefði haft allan minn leikmanna-hóp til þess að velja úr þá hefði ég eflaust spilað meiri sóknarleik en ella en það var ekki

MARKASKORARINN Rio Ferdinand fagnar hér markaskoraranum Wes Brown, sem á það til að læða inn marki við og við.



JÖFNUNARMARKIÐ Cesc Fabregas hefur betur í baráttunni við varnarmenn og markmann Sunderland og skorar hér jöfnunarmark Arsenal á leikvangi Ljössins í gær.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Auðvelt hjá United

Vallaraðstæður voru erfiðar á Ewood Park-leikvanginum í gær vegna rigningar en Englandismeistarar United létu það ekki á sig fá og unnu þar verðskuldaðan 0-2 sigur gegn Blackburn.

Wes Brown kom United yfir með skallamarki þegar rúmur hálf tími var liðinn af leiknum eftir sendingu frá Wayne Rooney. En Blackburn menn voru ósáttir með að markið hafi fengið að standa þar sem þeir töldu að Nemanja Vidic hefði brotið á markverðinum Jason Brown í aðdraganda marksins.

Rooney sá svo sjálfur um að

skora seinna mark United eftir rúman klukkutíma leik eftir góðan undirbúning Cristianos Ronaldo og þar við sat.

„Sjálfsstraustið í liðinu var gott og að koma á þennan erfiða útivöll og vinna með þessum hætti er mikið afrek,“ segir Sir Alex Ferguson, knattspyrnustjóri United.

Paul Ince, knattspyrnustjóri Blackburn, var verulega ósáttur við dómara leiksins í leikslok.

„Ef dómari getur ekki séð svona atvik [meint brot Vidic á Brown] þá á hann að gera eitthvað annað en að vera dómari. Ég ætla samt ekki að segja að leikurinn hafi tapast á því.“

omar@frettabladid.is

Sautján markalausar mínútur komu ekki að sök fyrir Valsstúlkur í N1-deild kvenna í gær:

Valur hafði betur í toppslag gegn Fram

HANDBOLTI Valur marði Fram, 22-21, í kaflaskiptum og spennandi leik í N-deild kvenna í gær.

Valsstelpur byrjuðu leikinn af krafti og voru sex mörkum yfir, 12-6, þegar átta mínútur voru til leikhlés. Næsta mark Vals kom 17 mínútum síðar eftir að Fram hafði skorað átta mörk í röð.

Þegar Valsstúlkur höfðu loks fundið leiðina að marki Fram á ný tóku þær frumkvæðið í leiknum sem þær héldu allt til leiksloka. Naumt var það þó því Sigurbjörg Jóhannsdóttir skaut í slá úr síðasta skoti leiksins þegar hún hefði getað jafnað leikinn.

„Við vorum ótrúlega nálægt því að taka stigið hérna. Heilt yfir fannst mér gríðarlega ósanngjarnt að tapa þessum leik. Mér fannst við eiga skilið að fá eitt ef ekki bæði stigin úr þessum leik en ég er virkilega ánægður með liðið mitt. Þær sýndu gríðarlegan karakter og styrk í leiknum,“ sagði



BARÁTTA Valsstúlkann Hafrún Kristjánsdóttir fær hér óbliðar móttökur frá Framvörn-inni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Einar Jónsson, þjálfari Fram, í leikslok.

„Við fáum þvælu í 2 mínútur hérna í seinni hálfleik sem eru mjög dýrmætar og það fer mikil orka í það. Þegar ég segi þvælu í 2

mínútur þá er ég að skamma sjálfan mig og leikmenn mína. Við eigum að halda betur haus. Þá hefðum við klárað þennan leik. Ég er mjög stoltur af liðinu mínu og fannst þær spila mjög vel en hund-

full yfir töpuðu stigi eða stigum.“

Stefán Arnarson, þjálfari Vals, var ánægður með stigin tvö. „Við spiluðum mjög góðan fyrri hálfleik en erum síðan sex mínútur færri í lok fyrri hálfleiks og þær komast inn í leikinn. Í stöðunni 19-17 fáum við gott færi, klúðrum, fáum hraðaupphlaup og klúðrum og fáum mark í bakið. Við áttum að vera búin að klára þennan leik miklu fyrr.

Um vandræðin í sóknarleiknum segir Stefán: „Við erum með góða markvörslu og góða vörn og erum að vinna í þessu vandamáli. Þetta gerðist líka á móti Stjörnunni. Ég hef alltaf sagt að byrjunin gæti orðið þung fyrir Valsliðið en við eigum eftir að bæta okkur.“

„Það eru nýjar áherslur, nýir leikmenn og við byrjuðum svolítið seint að æfa. Þetta tekur tíma og því er ég fyrst og fremst ánægður með að taka tvö stig hér. Valsliðið mun gera betur í vetur.“

- gmi



FÖGNUMUR Eiður Smári, Lionel Messi og Andres Iniesta fagna einu af mörkum Barcelona í gær.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Eiður Smári skoraði í gær:

Markaveisla á Nývangi

FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen lék allan leikinn með Barcelona í 6-1 stórsigri Katalóníurisans gegn Atletico Madrid á Nývangi í spænsku úrvalsdeildinni í gær.

Eiður Smári var frábær á miðjunni hjá Barcelona og skoraði meðal annars fimmta mark liðsins en yfirburðir Börsunga voru gríðarlegir í leiknum, sér í lagi í fyrri hálfleik.

Þetta var klárlega besta frammistað liðsins síðan knattspyrnustjórinn Pep Guardiola tók við stjórnartaumnum á Nývangi í sumar.

- óþ

WEST HAM

16.-18. JANÚAR

Verð á mann í tvíbýli frá

56.900 KR.

Nánari upplýsingar:

www.icelandair.is/ithrottaferdir

Icelandair er samstarfsaðili West Ham og býður ferðir á alla heimaleiki liðsins í vetur. Fjölmargir leikir framundan, s.s. á móti Hull, Man.Utd. og Man.City.



WWW.ICELANDAIR.IS

OPNUM

NYJA VERSLUN

ÓTRÚLEG OPNUNARTILBOÐ • OPIÐ Í DAG 13-17

FYRSTA GREIÐSLA
1. JANÚAR
2009
RADGREIÐSLUR TIL
ALLT AÐ 48 MÁN

OPIÐ
Í DAG
13-17

ÍS
FYRIR ALLA
LJÚFENGUR EMMESS ÍS Í
BOÐI ALLA HELGINA MEÐAN
BIRGÐIR ENDAST

50%
AFSLÁTTUR
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR
AF YFIR 1000
TÖLVUVÖRUM

FRÍTT
HEIM AÐ
DYRUM*
HVERT Á LAND
SEM ER

* Þar sem Pósturinn býður upp á þá
þjónustu annars á næsta pósthús

OPIÐ ALLA HELGINA
OPIÐ Í DAG
SUNNUDAG
13:00 - 17:00



TÖLVUTEK

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

Tilboð gilda dagana 3-5 október eða meðan birgðir endast • Öll verð eru afsáttaðverð birt með fyrirvara um villur.

> **Connie Nielsen**

„Ég furða mig á því hvað kvenmannshlutverk í kvikmyndum eru klisjukennd. Að við skulum enn þá aðeins sjá konur sem ástkonur eða mæður er skammarlegt.“ Nielsen er dönsk en hún leikur nýju lögreglukonuna Dani Beck í þáttunum Law & Order: SVU sem er sýndur á Skjáeinum í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR UM BAKSTUR

Sneitt hjá vanda tjáningarhafta

Það er nú ljóta ástandið í velsæmismálum hins vestræna heims þegar listamenn, til að mynda hljómsveitin Warrant, sem átti nokkrum vinsældum að fagna í kringum 1990, hafa ekki frelsi til þess að fjalla um sín hjartans mál í listsköpun sinni.

Yrkisefni piltanna í Warrant var kynlíf í öllum sínum fjölbreytileika, fyrst og fremst og nokkurn veginn eingöngu. Sem væri svo sem ekkert vandamál ef þeir hefðu ekki jafnframt stefnt tónlist sinni inn á vinsældamarkaðinn. Opinská og hispurslaus kynlífs- umræða og vinsældapopp hafa ekki farið vel saman fram til þessa, heldur hefur þótt vænlegra að tala undir rós um þessi viðkvæmu málefni. Blessunarlega voru meðlimir Warrant færir í þeirri list; má einna helst sjá þess merki í myndbandinu við lagið Cherry Pie, sem naut vægra vinsælda snemma á tíunda áratugnum.

Lagið fjallar, í hnotskurn, um löngun söngvara Warrant til þess að leggja stund á kynlíf með föngulegum kvenmanni. Hann er búinn



að miða út tiltekinn kvenmann sem hann hefur áhuga á og leggur ýmislegt á sig til þess að veiða hana í net sín. Ekkert af þessu er sagt berum orðum, á yfirborðinu fjallar texti lagsins þvert á móti um iðkun hafnabolta annars vegar og bakstur hins vegar. Aftur á móti fá glöggir áhorfendur tækifæri til að spreyta sig í túlkun myndefnis við áhorf myndbandsins og er ljóst frá fyrsta augnabliki þess að þeir sem hafa opinn huga fá meira út úr reynslunni en þeir sem eru bókstaflega þenkjandi. Fyrir

það fyrsta er konan sem söngvarinn girnist svo mjög tvífari hans. Það má hreinlega vart á milli sjá hvort þeirra er hvort, sem segir að sönnu sitt um þær útlitskröfur sem gerðar voru til karlmanna á þessum tíma. Að auki stíkar konan um í myndbandinu og sprautar vatni (vonar maður) á hljómsveitarmeðlimina úr stærðarinnar slöngu. Síðast en ekki síst er eftirminnilegt skotið þar sem fagurlega mótuð, þríhyrnd sneið af kirsuberjaböku tekst á loft og lendir snyrtilega í kjöltu konunnar. Þetta kallar maður að fara fint í hlutina.

EKKI MISSA AF



► **14.55 West Ham - Bolton, BEINT** STÖÐ 2 SPORT 3



► **15.45 Haukar - Zaporozhye, BEINT, SJÓNVARPIÐ**



► **20.00 Dresden Files** STÖÐ 2 EXTRA



► **20.10 Robin Hood** SKJÁREINN



► **20.30 Dagvaktin** STÖÐ 2

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Í næturgarði, Pósturinn Páll, Friðþjófur forvitni, Disneystundin, Stjáni, Sígildar teiknimyndir, Gló magnaða, Fræknir ferðalangar, Lára og Sígga ligga lá.

11.05 Gott kvöld (e)

11.55 Á faraldsfæti - Kambódía (e)

12.30 Silfur Egils

13.50 Saga Indlands (3:6) (e)

14.45 Hvað veistu? - Klapparistur

15.15 Kínverskar krásir (4:6) (e)

► **15.45 Meistaradeildin í handbolta karla** Bein útsending frá leik Hauka og Zaporozhye frá Úkraínu.

16.35 Tákn málsfréttir

16.45 Meistaradeildin í handbolta karla - seinni hálfleikur

17.30 Risto (1:6) (e)

17.35 Tumi í kassanum (e)

17.50 Risto (2:6) (e)

18.00 Stundin okkar

18.30 Spaugstofan (e)

19.00 Fréttir

19.35 Veður

19.40 Svartir englar (3:6) Íslensk spennuþáttaröð byggð á sögum eftir Ævar Öm Jóseppson.

20.30 Sunnudagskvöld með Evu Mariu Eva María Jónsdóttir ræðir við Ragnar Kjartansson myndlistarmann.

21.10 Stella í framboði Gammanmynd frá 2003 eftir Guðnýju Halldórsdóttur.

22.35 Hringiða (1:8) (Engrenages) Franskur sakamálamyndaflokkur.

23.25 Silfur Egils (e)

00.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BIÓ

08.00 P.S.

10.00 Agent Cody Banks 2

12.00 Rumor Has It

14.00 P.S.

16.00 Agent Cody Banks 2

18.00 Rumor Has It

20.00 So I Married an Axe Murderer

22.00 Freedomland

00.00 Inside Man

02.05 House of Wax

04.00 Freedomland

06.00 Stealth

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Barney og vinir, Þorlákur, Blær og Kalli á þakinu.

08.00 Algjör Sveppi

09.30 Stóra teiknimyndastundin

09.55 Ginger segir frá

10.20 Bratz

10.40 Ævintýri Juniper Lee

11.05 Stuðboltastelpurnar

11.30 Latibær (8:18)

12.00 Hádegisfréttir

12.30 Neighbours

12.50 Neighbours

13.10 Neighbours

13.30 Neighbours

13.50 Neighbours

14.15 Chuck (5:13)

15.10 Two and a Half Men (15:24)

15.40 Logi í beinni

16.25 The Daily Show. Global Edition

16.55 Oprah

17.40 60 mínútur

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.59 Íþróttir

19.05 Veður

19.10 Mannamál Sigmundur Emir Rúnarsson fær til sín góða gesti og fjallar um málefni liðandi stundar, menninguna og allt þar á milli á mannamáli.

19.55 Sjálfstætt fólk (3:40) Jón Ársæll Þórðarson heldur áfram mannlífsrannsókn um sínum í eftirlætisviðtalsþætti þjóðarinnar. Þátturinn er sá farsælasti í sögu Eddu-verðlaunanna en hann hefur þrisvar sinnum hlotið þessi eftirsóttu verðlaun.

► **20.30 Dagvaktin** (3:11) Framhald Næturvaktarinnar sem sló rækilega í gegn í fyrravetur og varð vinsælasta, leikna, íslenska þáttaröðin sem sýnd hefur verið á Stöð 2. Í Dagvaktinni liggja leiðir þremmenninganna af næturvaktinni saman á ný fyrir einskæra tilviljun. Svakalegt uppgjör þeirra á milli verður óhjákvæmilegt.

21.05 Flood (1:2)

22.40 The Tudors (10:10)

23.30 60 mínútur

00.15 Hotel Babylon (8:8)

01.10 Mannamál

01.50 Gacy

03.20 I'm Not Scared

05.05 Dagvaktin (3:11)

05.35 Fréttir

SPORT *besta sætið*

08.10 Evrópumótaröðin í golfi Útsending frá Alfred Dunhill mótinu í golfi en mótið er hluti af Evrópumótaröðinni.

10.10 Spænski boltinn Útsending frá leik í spænska boltanum.

11.50 Spænski boltinn Útsending frá leik í spænska boltanum.

13.30 Evrópumótaröðin í golfi Bein útsending frá lokadeginum á Alfred Dunhill mótinu í golfi en mótið er hluti af Evrópumótaröðinni.

16.30 Meistaradeild Evrópu Endursýndur leikur úr Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.

18.15 NFL deildin Magnaður þáttur þar sem hver umferð í NFL deildinni er skoðuð í bak og fyrir. Þeir Rich Eisen og Deion Sanders skoða allar viðureignirnar og spá í spilin.

18.50 Spænski boltinn Bein útsending frá leik Real Madrid og Espanyol í spænska boltanum.

20.50 NFL deildin Bein útsending frá leik Denver Broncos og Tampa Bay í NFL deildinni.

23.50 Evrópumótaröðin í golfi Útsending frá Alfred Dunhill mótinu í golfi.

SPORT 2 *enski boltinn*

08.45 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Wigan og Middlesbrough.

10.25 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Blackburn og Man. Utd.

► **13.45 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Man. City og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni. Sport 4. Chelsea - Aston Villa Sport 5. Tottenham - Hull Sport 6. Portsmouth - Stoke Sport 3 kl 12.25. West Ham - Bolton Sport 3 kl 14.55. Everton - Newcastle

15.50 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Chelsea og Aston Villa.

17.30 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Everton og Newcastle.

19.10 4 4 2 Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum. Allir leikirnir, öll mörkin og umdeildustu atvikin á einum stað.

20.20 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Hull City og Fulham.

22.00 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik West Ham og Bolton.

23.40 4 4 2

SKJÁREINN

07.55 Vörutorg

08.55 Moto GP (e)

13.10 Dr. Phil (e)

13.55 Dr. Phil (e)

14.40 Dr. Phil (e)

15.25 What I Like About You (e)

15.50 Frasier (e)

16.15 America's Next Top Model (e)

17.05 Innlit / Útlit (e)

17.55 How to Look Good Naked (e)

18.45 Singing Bee (e)

19.45 America's Funniest Home Videos Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru myndir myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.

► **20.10 Robin Hood** (7:13) Bresk þáttaröð fyrir alla fjölskylduna um hetjuna Hróa hött, útlagann sem rænin þá ríku til að gefa hinum fátæku. Hrói reynir að komast yfir plaggið sem sannar fyrirhugað landráð fógétans. Hann leggur á ráðin með félögum sínum en svikarinn Allan gæti sett strík í reikninginn. Þegar Hrói áttar sig á því að Marian gæti verið í hættu verður hann að taka stóra ákvörðun.

21.00 Law & Order: Special Victims Unit (8:22) Stabler og Beck rannsaka bilslys þar sem tveir krakkar voru handjamaðir í sendlabíl. Rannsóknin leiðir þau að fösturföreltrum sem misnota börn og það undarlega er að börnin eru ekki öll ósátt við að-farir fösturföreldranna.

21.50 Swingtown (8:13) Ögrandi þáttaröð um makaskipti í rötgrónu úthverfi Chicago á áttunda áratugnum. Trina heldur árlegt leikjapartí þar sem öll litlu leyndarmál veislugesta eru vísbendingar í leiknum.

22.40 CSI: Miami (e)

23.30 30 Rock (e)

00.00 The Eleventh Hour (e)

00.50 Jay Leno (e)

01.40 Vörutorg

02.40 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Valið endursýnt efni liðinnar viku Sýnt á kfst. fresti til 12.15 daginn eftir.

N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

KOMPÁS

Á MÁNUDAG KL. 19:20 Í OPINNI DAGSKRÁ

HAFSKIPSMÁLIÐ

Leynifundir og ráðabrigg
Áður óbirt skjöl

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.05

Flood - framhaldsmynd mánaðarins

Verulega spennandi, glæný framhaldsmynd í tveimur hlutum sem vakið hefur mikla athygli og óhug, einkum fyrir það hversu skuggalega raunsæ hún er. Hvað ef hið ómögulega gerist? Ef stormur aldarinnar skellur á London einmitt þegar það er háflóð? Þessi stórslysamynd lýsir á mjög spennandi hátt afleiðingum þess sem yrði við gríðarlegt flóð. Seinni hlutinn verður sýndur annað kvöld.

► VIÐ MÆLUM MED

Mannamál - NÝTT

Stöð 2 kl. 19.10

Leiðtogar stjórnarandstöðunnar verða viðmælendur Sigmundar Ernís í Mannamáli og ræða um efnahagsvanda þjóðarinnar. Ólafur Ísleifsson prófessor gefur einnig sína greiningu á vandanum. Þá mun Dr. Gunni, nýr menningarrýnir þáttarins, rýna í íslenskt sjónvarpsefni og Mikael Torfason les þjóðinni hressilegan pistil. Þátturinn er í opinni dagskrá.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags

06.40 Veðurfregnir

07.05 Morgunandakt

08.00 Morgunfréttir

08.05 Ársól

09.03 Lárétt eða lóðrétt

10.05 Veðurfregnir

10.15 Mitt nafn er Steinn Steinarr, skáld. Ég kvaðst á við fjandann

11.00 Guðsþjónusta í Grindavíkurkirkju

12.02 Hádegisútvarp

12.20 Hádegisfréttir

12.45 Veðurfregnir

13.00 Ísland og Evrópusambandið

14.00 Útvarpsleikhúsið: Dauði trúðsins

15.00 Hvað er að heyra?

16.00 Síðdegisfréttir

16.08 Veðurfregnir

16.10 Úr tónlistarlífinu

18.00 Kvöldfréttir

18.26 Seiður og hélog

18.50 Dánarfregnir og auglýsingar

19.00 Óskastundin

19.40 Öll þau klukknaköll

20.30 Bláar nótur í bland

21.10 Orð skulu standa

22.07 Veðurfregnir

22.12 Orð kvöldsins

22.15 Í söguferð um Brasilíu

23.00 Andarímur

00.07 Næturetónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

15.30 Hollyoaks (26:260)

15.55 Hollyoaks (27:260)

16.20 Hollyoaks (28:260)

16.45 Hollyoaks (29:260)

17.10 Hollyoaks (30:260)

18.00 Seinfeld

18.30 Seinfeld

19.00 Seinfeld

19.30 Seinfeld

►20.00 The Dresden Files (8:13) Harry Dresden er enginn venjulegur maður, hann er galdramaður og notar hæfileika sína við að upplýsa sakamál. Harry á sér dökka fortíð en hefur nú ákveðið að nýta sér reynsluna til góðs.

20.45 Twenty Four 3 (19:24) Kim býður sig fram til að leika dóttur Saunders, CTU eltir uppi sýkta manninn sem slapp af hótlinu og Palmer forseti fær næstu skipun frá Saunders.

21.30 Happy Hour (8:13) Lánið leikur ekki við Henry Beckman. Konan yfirgefur hann, hann missir vinnuna og íbúðina. Hann ákveður að leigja íbúð með Larry, sjálfseks-um og raunveruleikafirtum glaumgosa sem útvegar honum vinnu og reynir að kenna honum að lífa lífinu.

22.00 My Boys (3:22)

22.25 Næturvaktin (1:13) (e)

22.50 Næturvaktin (2:13) (e)

23.15 Seinfeld

23.40 Seinfeld

00.05 Seinfeld

00.30 Seinfeld

00.55 Sjáðu Ásgeir Kolbeins

01.20 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

BBC PRIME

10.00 Animal Hospital

10.30 Animal Hospital

11.00 Vanity Fair

12.00 Vanity Fair

13.00 One Foot in the Grave

13.30 One Foot in the Grave

14.00 One Foot in the Grave

14.30 Rick Stein's Food Heroes

15.00 Rick Stein's Food Heroes

15.30 Rick Stein's Food Heroes

16.00 Model Gardens

16.30 Model Gardens

17.00 Trouble At The Top Special

17.40 I'll Show Them Who's Boss

18.20 I'll Show Them Who's Boss

19.00 Around the World in 80 Days

20.00 Around the World in 80 Days

21.00 On My Feet Again

22.00 Phobias

23.00 Around the World in 80 Days

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr

10.10 Boxen

10.25 SPAM 2008

10.45 Skum TV

11.00 Angora by night

11.20 Family Guy

11.45 Gudstjeneste i DR Kirken

12.30 HåndboldSøndag I

13.50 HåndboldSøndag II

15.30 Bamses Billedbog

16.00 De store katte

16.30 TV Avisen med Sport

17.10 Hvor kragerne vender

18.00 Sommer

19.00 21 Søndag

19.40 SportNyt med SAS liga

19.55 Columbo

21.20 Stor ståhej for ingenting

NK1

10.00 Norge rundt

10.25 Å, for en bursdag!

11.55 Ut i naturen

12.20 Ellens 100 år

12.50 Himmelblå

13.35 Kvitt eller dobbelt

14.35 Fredskrigeren

15.30 Åpen himmel

16.00 Kometkameratene

16.30 Newton

17.00 Søndagsrevyen

17.45 Sportsrevyen

18.05 Himmelblå

18.50 Nils og Ronny på vannvogna - en reise i blå Korsland

19.20 Kaptein Corellis Mandolin

21.25 Kveldsnytt

21.45 EM rallycross

22.45 Rally-VM 2008

23.35 Norsk på norsk jukeboks

1* SVT 1

10.00 Lilla Melodifestivalen 2008

11.45 Sixties

12.15 Debatt

13.00 Toppform

13.30 Videokväll hos Luuk

14.00 Last Night of the Proms 2008

15.00 Rally-VM

15.55 Sportnytt

16.00 Rapport

16.10 Regionala nyheter

16.15 Saltön

17.15 Hemliga svenska rum

17.30 Rapport

17.55 Regionala nyheter

18.00 Andra Avenyn

18.30 Sportspegeln

19.15 Ashes to ashes

20.10 Dina, mina och våra barn

20.40 Solen

21.10 Byss

21.25 Five days

STUNDIN OKKAR

GAMAN GAMAN!

Stundin okkar hefst í Sjónvarpinu í dag kl. 18.00

- Annað og meira

HVAÐ SEGIR MAMMA?

„Ég er ótrúlega stolt af honum. Frá því að hann byrjaði að tala bauðst hann til að syngja fyrir gesti þegar þá bar að garði og það vakti alltaf mikla lukku. Ég hef fulla trú á honum og það eru alveg hreinar línur að hann á eftir að meika það, strákurinn.“

Guðrún Bergmann, móðir Inga Arnar Gíslasonar, sem tekur upp sína fyrstu plötu í San Francisco.

Fyrirsæturnar eru hetjurnar

„Það er allt á blússandi siglingu hjá okkur,“ segir Jónína Lárusdóttir, konan að baki framtakinu Ein-stök-brjóst. Hún mun efna til ljósmyndasýningar með 100 svarthvítum myndum eftir Írisi Jóhannsdóttur ljósmyndara. Fyrirsæturnar eru konur á öllum aldri, með alls kyns brjóst, sem hafa boðið sig fram til að fækka klæðum að ofan og sitja fyrir í þágu verkefnisins. Ágóði af seldum myndum mun renna til tækjakaupa fyrir brjóstakrabba-meinsleit.

Sýningin mun fara fram í verslunarmiðstöðinni Glæsibæ, þar sem hún leggur undir sig 200 fermetra iðnaðarými. Hún verður opnuð 25. október næstkomandi og sama dag verður haldið uppboð á listaverkum sem listamenn hafa gert og gefið verkefninu. Ágóði af sölu þeirra mun renna til sama markmiðs. Viku fyrir opnun sýningarinnar fara svo bolir merktir verkefninu í sölu í 10-11-búðunum. „Konurnar sem sitja fyrir eru samt algjörlega hetjurnar í þessu að mínu mati. Þetta hefði aldrei verið hægt nema fyrir tilstilli þeirra,“ segir Jónína þakklát.

Í næstu viku mun síðan www.brjost.is fara í loftið, þar sem áhugasamir geta kynnt sér verkefnið nánar. - sun

BLÚSSANDI SIGLING

Verkefni Jónínu Lárusdóttur, Ein-stök-brjóst, hefur gengið afar vel og hafa 90 konur þegar komið í myndatöku.



HINHLIÐIN EVA RUZA MILJEVIC BLÓMASALI

Tapaði í Landsbankahlaupinu

Hvað er að fréttu? Bara allt gott. Gæti ekki verið betra. Lífið er yndislegt.

Augnlitur: Brúnn.

Fæðingardagur: 5. janúar 1983.

Starf: Blómasali í Ísblómum og vaktstjóri á Svarta kaffi.

Fjölskylduhagir: Ég er gift besta manni í heimi, honum Sigurði Þór Þórssyni.

Hvaðan ertu? Ég er vel blönduð tegund. Faðir minn er Króati og móðir mín er íslensk.

Ertu hjátrúarfull? Upp að vissu marki er ég það. Ég bölvla til dæmis svörtum köttum sem hlaupa í veg fyrir mig, og er ekki hrifin þegar speglar brotna.

Uppáhaldssjónvarpsþátturinn: Dagvaktin er mesta snilld fyrr og síðar. Ég er líka smá háð Desperate Housewives, America's Next Top Model og Friends.

Uppáhaldsmatur: Kjúklingur a la mamma stendur upp úr.

Fallegasti staðurinn: Giftingarstaðurinn okkar Sígga, Porto Ruz í Slóveníu.

iPod eða geislaspilari: Ég er algjörlega tækni-hemluð. Fékk svaka finan iPod sem tók mig mánuði að læra á og svo týndi ég græjunni um leið og ég var farin að kunna á hana!

Hvað er skemmtilegast: Mér finnst skemmtilegast að vera með Sígga. Svo er gaman í bootcamp og að horfa á landsliðið í handbolta.

Hvað er leiðinlegast: Ekki neitt. Mér finnst allt alveg geðveikt skemmtilegt.

Helsti veikleiki: Ég er alltof viðkvæm.

Helsti kostur: Ég er geðveikt fyndin, að eigin sögn. Annars er ég líka jákvæð og fer ekki í fylu.

Helsta afrek: Þegar ég var fjórtán ára



spilaði ég handbolta með Breiðablik og við unnum aldrei. Mitt helsta afrek verður sem sagt að vera þegar við unnum okkar fyrsta (og eina) leik, á móti HK, og ég skoraði alveg tíu mörk.

Mestu vonbrigðin: Ég tók þátt í Landsbankahlaupinu þegar ég var 10 ára og tapaði.

Hver er draumurinn: Að fjölskyldan haldi heilsu og „world peace“.

Hver er fyndnastur/fyndnust: Auður Ósk æskuvinkona mín er fyndnust og Pétur Jóhann Sigfússon er fyndnastur. Mér finnst að þau ættu að gifta sig, ég væri alltaf í heimsókn! Síggi minn, þú ert líka svaka fyndinn.



LEITAÐ AÐ TÖKUSTÖÐUM FYRIR VÍKINGAMYND

Baltasar Kormákur og Michelle Chydzik framleiðandi skoðuðu hálendi Íslands en þar munu stór gengi víkinga fara um í langstærstu mynd sem Íslendingar hafa komist í tæri við. Leikstjórnin og framleiðandinn voru átta tíma samfelt í þyrilu og fóru yfir hálendið í leit að tökustöðum.

BALTASAR KORMÁKUR: LANGSTÆRSTA VERKEFNI SEM ÉG HEF KOMIÐ NÁLÆGT

Sjö milljarða bíómynd tekin á Íslandi

„Þetta er langstærsta verkefni sem ég hef komið nálægt. Risa-vaxið. Fyrst var verið að tala um 25 milljóna dollara mynd í framleiðslu en nú, á þessu stigi, er verið að tala um 40 til 60 milljóna dollara mynd. Og gæti stækkað. Þetta er risa-dæmi,“ segir Baltasar Kormákur.

Búið er að ganga frá því að framleidd verði Hollywood-mynd sem tekin verður að mestu leyti á Íslandi. Baltasar mun leikstýra en myndin er gerð eftir handriti sem hann hefur unnið að, leynt og ljóst, ásamt Ólafi Egilsyni. Upphaflega stóð til að byggja handritið á Njálu en það hefur þróast í þá átt að handritið byggir

á minnum úr Íslendingasögum. Vinnutitillinn er Saga. „Við höfum kynnt þetta vestan hafs sem svona spagetí-western-viking-movie.“

Her manna mun leika í þessu. Gríðarlega mannmörg mynd og stór. Herir og eltingaleikur 40 til 50 manna gengja um hálendi Íslands og allur pakkinn,“ segir Baltasar sem kallar ekki allt ömmu sína. Þó segist hann hálf feiminn við verkefnið því svo mjög hefur það vaxið í höndunum á honum, ekki síst vegna áhuga samstarfsmanna hans. Framleiðendur eru þeir hinir sömu og framleiða mynd hans Inhale sem áður hét Run for Her Life, 26 Film, en Michelle Chydzik Sowa er nú stödd hér á landi. Á föstudag fóru

þau Baltasar í þyrilu yfir allt hálendið að skoða væntanlega tökustaði. Þá er fyrirhugað að enn stærri hákarlar í kvikmyndaframleiðslu muni koma að verkefninu en ótímabært er að upplýsa um það á þessu stigi.

Baltasar er ekki bara að tala um stærsta verkefni sem hann hefur komið nálægt heldur langstærsta verkefni sem Ísland hefur nokkru sinni komist í tæri við: Tökutímabilið er sex mánuðir en sagan gerist að vetri til, vori og sumri. Sextíu milljónir dollara nú (þegar þetta er skrifað) þýða 6,6 milljarðar í íslenskum krónum. Sem er ekki lítil innspýting fyrir kvikmyndageirann á Íslandi og reyndar allt efnahagslífið.

„Já, þetta færi allt í gegn hér. Svo er áhugavert að þetta tengist menningarsögu okkar,“ segir Baltasar sem hefur lagt á það ríka áherslu að myndin verði tekin hér á landi. Íslenskir leikarar munu koma við sögu, hugsanlega í stóru hlutverki írsks þræls og papar verða einnig sjáanlegir. Framleiðendur myndarinnar vildu hefja tökurlax næsta sumar en Baltasar vill gefa sér betri tíma þó að handritið sé svo gott sem tilbúið. „Ólafur kemur með mér til Los Angeles til að klára það. Annars er handritið í stöðugri vinnslu. Handritsvinnu lýkur ekki fyrr en við síðasta tökudag,“ segir Baltasar Kormákur.

jakob@frettabladid.is

FM-Svali verður Bíla-Svali

„Þetta hefur verið í undirbúningi í fjóra til fimm mánuði og er nú loks að fara af stað,“ segir Svali, útvarpsmaðurinn góðkunnur af FM 957. En hann ætlar að hleypa af stökkunum heimasíðu tileinkaðri mótorsporti af öllum stærðum og gerðum. Heimasíðan hefur enn ekki fengið nafn en ætti að verða nefnd á allra næstu dögum. Aðalmálið verður einföld bílaleit þar sem menn geta fundið bíla, mót-orhjól og fjór-hjól sem eru til sölu, bæði hér á landi og erlendis. Og verður vefurinn keyrður samfara bílasalur.is.

Útvarpsmaðurinn er sjálfur annálaður áhugamaður um bíla og tryllitæki og því voru hæg heimatökin og hann hyggst krydda vefsíðuna með nokkrum skemmtilegum aukahlutum. „Við ráðgerum að menn geti komið sér

upp sínu eigin heimasvæði og sett inn myndir og myndskreið af sjálfum sér þannig að það verður einhvers konar youtube-stemning sem svífa mun þarna yfir vötnum,“ útskýrir Svali sem telur þetta löngu tímabært enda séu mótorsportgreinar á borð við Formúlu 1 með eindæmum vinsælar hér á landi.

Svali verður síðan sjálfur nokkuð áberandi á síðunni því samfara bílaleit, fréttum og myndböndum verður einnig boðið upp á „netþætti“ þar sem hann hyggst flytja tíðindi af mönnum, málefnum og ökutækjum.

- fgg

ANNALÁÐUR BÍLAÁHUGAMAÐUR

Svali hefur lengi haft mikinn áhuga á tryllitækjum og hefur stofnað heimasíðu til að svara áhuga sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR



10%

vaxtaauki!

Nýttu þér þetta **TILBOÐ** og stofnaðu reikning á **spron.is**



spron

- bankinn þinn





Nicorette® Microtab Lemon

Lausn sem lítið ber á þegar reykingum er hætt

Nicorette Microtab Lemon tungurótartaflan er nikótínlyf til notkunar þegar reykingum er hætt. Það dregur úr nikótínþörf og fráhrarfseinkennum og auðveldar þannig reykingafólki að venja sig af tóbaki. Lítil tafla með sítrónubragði sem hjálpar þér að hætta að reykja.

Nicorette® Microtab Lemon tungurótartöflur, 2mg nikótín. Nicorette nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sem meðferð við tóbaksfíkn með því að draga úr nikótínþörf og fráhrarfseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reyktt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Hámarksdagskammtur er 40 stk. Ekki er mælt með að notkun standi lengur en eitt ár. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Þar eru einnig upplýsingar um hugsanlegar aukaverkanir. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfið. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlega hjartsláttaróreglu, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, barnshafandi konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota lyfið nema að ráði læknis. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingaeynd:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is

Gesthús Dúna

**Tveggja manna herbergi
á kr. 5.000 nóttin**
**Svefnpokapláss
kr. 1.500 nóttin**



BAKÞANKAR
Jóns Sigurðar
Eyjólfssonar

Kæri sáli!

Ég verð að játa það að ég varð hálfskelkuð og óttaslegin til að byrja með eins og gengur og gerist þegar einhver verður fyrir áföllum. En nú er bara uppi á mér typpið, kæri sáli. Þótt ótrúlegt megi virðast.

ÞAÐ er nefnilega eins og einhver ljái mér æðri kraft þegar örlögin ota mér á hólminn með þeim orðum að nú sé að duga eða drepast. Þá verða hlutirnir spennandi.

JÁ, sáli minn, spennandi því þá rennur upp sá tími að menn verða ekki dæmdir af skala hégómans því nú á að athuga úr hverju menn eru gerðir. Takmark stjórn-málamanna verður æðra en svo að ná því að ganga í augun á kjósendum.

FÓLK verður meðvitað um það að atburðarásin sem komin er af stað hverfur þeim aldri úr minni. Hvert andartak verður dýrmætt. Hjartað tekur kipp þegar ég sé fólk ganga fram af vaskleika eins og Steingrímur rauði gerði í sinni opnunarræðu á þessu þingi. Eða þegar Þorgerður hin fagra segir fyrrverandi yfirmanni sínum að hafa sig hægan í stað þess að vera með upphlaup á túni sem tilheyrir honum ekki lengur. Ég kætist og minnst þess að hæfni skipstjórans kemur í ljós í brælundinni.

ÉG er nefnilega ekkert venjuleg þjóð, kæri sáli. Þér væri hollt að minnst þess að þegar hér tíðk-uðust hin breiðu spjótin þá höfðu menn uppi spakmæli og jafnvel gamanyrði meðan ódauðleg sálin lak út um munnvikin.

JÁ, sáli minn, ég sagði að það væri uppi á mér typpið enda hefur það aldrei verið tengt gengi krónunnar. Sem betur fer því ég veit satt að segja ekkert um það hver gengisvísitalan verður næstu misserin. Um hina náttúrulegu gengisvísitölu þykist ég þó vita nokkuð meira. Því víst er að manndóm hef ég mikinn, kapp hefur mig aldrei skort, gaman-semi á ég noga en það er afar dýrmætt á tímum sem þessum. Svo hef ég blessunarlega mikið af náungakærleika og brjóstviti.

ÁSTANDIÐ á mörkuðum er einmitt þannig nú um mundir að þessir mannkostir mínir eiga eftir að rjúka upp ... og typpið með.

GÓÐAN DAG!
Í dag er sunnudagurinn
5. október, 278. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	7.49	13.06	18.41
Akureyri	7.36	13.01	18.23

Heimild: Almanak Háskólans



Sumar 2009

Sumarið 2009 bjóðum við flug til enn fleiri spennandi áfangastaða í Evrópu, eða alls 19 talsins. Það er því óhætt að fara að hlakka til næsta sumars - verum samferðal!

» Verð frá:

12.400 kr.

Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.


» Börn:

50%

Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingarslátt af verði fyrir skatta og aðrar greiðslur.

Iceland Express

með ánægju



www.icelandexpress.is